



Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I

Svínavatn – Hólabak - Uppsálir - Öxl



Varða á hálsbrún, Svínavatn í baksýn

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga

2008/81

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	I
INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	1
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU.....	2
HELSTU MINJAFLOKKAR	3
FORNLEIFASKRÁ.....	6
SVÍNAVATN.....	6
HÓLABAK	34
UPPSALIR	56
ÖXL.....	70
NIÐURSTÖÐUR – SAMANTEKT	88
HEIMILDASKRÁ	92

Inngangur

Sumarið 2008 gerði Húnavatnshreppur samning við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga um heildarskráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Fyrsti hluti skráningarinnar fór fram sumarið 2008 en þá voru skráðar fjórar af 14 jörðum sem minjavörður Norðurlands vestra hafði sett í forgang. Jarðirnar sem skráðar voru eru eftirfarandi: Svínavatn, áður í Svínavatnshreppi, Hólabak, Uppsafir og Öxl, áður í Sveinsstaðahreppi. Sumarið 2009 verða svo skráðar 10 jarðir til viðbótar. Vettvangsvinnan var unnin af Bryndísi Zoëga, landfræðingi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðinema. Verkinu var stjórnað af Guðnýju Zoëga, fornleifafræðingi. Sérstakar þakkir viljum við færa heimildamönnum okkar þeim Guðmundi Svavarssyni, bónda á Öxl 1 og Svavari Eyjólfsyni eiganda Axlar 2. Birni Magnússyni bónda og Aðalheiði Ingvarsdóttur á Hólabaki. Birgi Ingbórssyni bónda á Uppsölum. Bjarka Kristjánssyni, Svínavatni, Kristjáni Jónssyni bónda í Stóradal og eiganda Svínavatns og Ingvari Þorleifssyni bónda Sólheimum.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmunum beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hvernar jarðar t.d. fær bæjarhóll Axlar hlaupandi númerið Öxl-1. Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir Öxl-1 10141.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða bústaður, fjárhús osfrv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í skránni við hverja fornleif. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Staðsetning minja er sett inn á svarthvítar óhnitaðar loftmyndir en skrásetjarar höfðu ekki aðgang að hnitðum loftmyndum af svæðinu. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta, yfirlitsmyndir af minjum utan túns og lista yfir hnit er að finna fyrir hverja jörð aftast í skýrslu.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast

grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kormyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einvherskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi. **Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessarar garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Fornleifaskrá

Svínavatn



Mynd 1. Svínavatn. Ljós. GSS.

Ágrip af sögu

„Vestan undir Tungunesmúla, norðan við austurenda Svínavatns, er kirkjustaðurinn Svínavatn, sem er annexía frá Auðkúlu“.¹ Svínavatn er landnámsjörð Þorgils gjallanda.² Í Heiðarvígasögu er nefndur Sumarliði gjallandi, sem mun hafa verið sonarsonur hans, og hafa þeir frændur haft nokkur mannaforráð. Í Vatnsdælasögu segir að nafngift á vatninu sem bærinn dregur nafn af hafi komið til með þeim hætti að Ingimundur sem nam Vatnsdal týndi svínum sínum og fundust þau ekki fyrr en að hausti og voru þá hundrað saman og stygg. Fylgdi þeim gölturinn Beigaður. Voru menn til kallaðir og svínin rek að vatninu til kvía en Beigaður hljóp í vatnið og synti yfir og tók svo á að það gengu af honum klaufirnar. Komst hann þar upp á hól sem eftir það var kallaður Beigaðarhóll og drapst þar, en vatnið var eftirleiðis kallað Svínavatn.³

¹ P. V. G. Kolka, 1950. Bls. 145,151.

² Íslendinga sögur I, 1946. Bls. 137.

³ Íslendinga sögur II. Vatnsdæla saga, 15. kafli.

Staðarins er meðal annars getið í Sturlungu en þar er þess getið að árið 1246 bjó þar Illugi liðsmaður Ásbirninga, sem féll í Haugsnesbardaga ásamt leiðtoga sínum Brandi Kolbeinssyni á Reynistað og um 70 öðrum liðsmönnum hans.⁴

Í fornbréfasafni er skrá um skipti á Spákonuarfi⁵ frá því um 1200. Þar fær Svínavatn einn hlut og um það segir: „nu er epter ein lutr. oc skal þeim skipta i fíora staðe. oc skal hverfa ein lutr a mastaði annar til svinavaz. þriði til spakonofellz. enom fíorða skulo skipta með sér i helminga munkar oc þ[orarin].“⁶ Aftur er getið um hlut Svínavatns í Spákonuarfi í reka og landamerkjaskrá Þingeyrarklausturs frá því um 1285⁷ og skrá Holtastaðakirkju um Spákonuarf frá því um 1400.⁸

Í máldaga Svínavatnskirkju frá 1360 segir að kirkjan sé helguð heilögum Pétri og að í sókninni séu 12 bæir. Kirkjan var öll tjölduð innan⁹ og átti mikinn skróða. Fjóra krossa, „Mariuskript með hurðum“, Péturslíkneski og glitaðan¹⁰ dúk til að hafa yfir það. 2 kertastjakar úr kopar og 3 úr járn og kertastokkur, reykelsisker, eldberi, handlaug og handklæði, 2 skírnarfontsumbúnaðir, 3 altarisklæði og var eitt þeirra með baldurskinni¹¹, messuklæði með öllu tilheyrandi og hökull einnig úr baldurskinni, kaleikur og altarissteinn, 5 klukkur og 1 bjalla, skálar með metum, læst kista og broddstafur.¹² Ekki er getið um hvort þá var prestur á Svínavatni en árið 1487 tók Auðkúluprestur 12 fjórðunga smjörs fyrir þjónustu þar.¹³

Árið 1708 var Svínavatnskirkju enn þjónað frá Auðkúlu (annexía) og var jörðin þá eign tveggja til helminga, prestsins og sýslumannsekkjunnar.¹⁴ Landsskuld af helmingi ekkjunnar greiddist með tveimur hundruðum fiska í kaupstað og sauðum til ekkjunnar en vorull gekk til ábúanda og kúgildin í smjöri. Af hinum helmingnum var landsskuldin með slætti og landaurum, og kúgildin sömuleiðis greidd í smjöri. Helstu hlunnindi jarðarinnar voru góð torfrista og silungsveiði í Svínavatni sem þótti lítil „og er hún stunduð af kringumliggjandi bæjum með netum og byttum. [...] Í Svínavatni veiðist einungis seinni part sumarsins“¹⁵, segir í sóknarlýsingu frá 19. öld. Svínavatn átti engjaítak í Stóradalsengi og rekaítak í Spákonuarfi, sem ekki hafði verið kallað, eftir í manna minni.¹⁶ Vatnsból þraut á vetrum og engi og tún voru kostalítill.¹⁷

Sel

⁴ Sturlunga saga II, 1946. Bls. 79.

⁵ Spákonuarfur var rekaítak sem Þórdís spákona á Spákonufelli, Skagaströnd á að hafa ánaðnað hinum ýmsu kirkjum eftir sinn dag sjá t.d. <http://www.snerpa.is/net/thjod/kolka.htm> og <http://www.snerpa.is/net/thjod/thordis.htm>.

⁶ *DI I*, 1857-76, Bls. 305.

⁷ *DI II*, 1893. Bls. 251.

⁸ *DI III*, 1896. Bls. 654.

⁹ *DI III*, 1896. Bls. 160.

¹⁰ Glitsaumaðan eða – ofinn.

¹¹ Silkiefni innflutt frá Austurlöndum/Bagdad.

¹² *DI III*, 1896. Bls. 160.

¹³ J. Johnsen, 1847. Bls. 251.

¹⁴ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 335.

¹⁵ *Sýslu- og sóknarlýsingar*, bls. 93.

¹⁶ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 435.

¹⁷ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 335.

Í afsalsbréfi fyrir Svínavatn frá 1398 kemur fram að jörðin hafi átt selstöðu í Laugarhóli í Auðkúlustaðajörð og sambeit með Tungunesi.¹⁸

Hún átti einnig selstöðu á Sléttárdal og var sjaldan notuð „að líkindum ... sökum örðugleika.“¹⁹

Hjáleigur

Við túngarðinn var hjáleigan Garðaríki byggð upp á seinni hluta 17. aldar en fór í eyði fyrir aldamótin 1700.²⁰ Í eyðibýlatali Olavíusar er býlisins Svínavatnskots getið og það sagt fara í eyði 1707.²¹ Litlakots er svo getið í örnefnaskrá, sagt rétt sunnan túns. Vera kann að þarna sé um að ræða þrjú nöfn á sama kotinu en slíkt verður þó ekki fullyrt. Árið 1847 kemur fram að Svínavatn var í bændaeign og ábúandinn einn.²² Svínavatn var 80 hundruð forn og 36,7 ný árið 1848, og hjáleigan og kirkjujörðin Kárastaðir 16 forn og 10,2 ný.²³ Í *Föðurtúni* kemur fram að Kárastaðir, sem standa niður við ána gegnt Auðólfstöðum hafi verið eyðihjáleiga frá Svínavatni.²⁴

Um búskaparlag í Auðkúlu- og Svínavatnssókn á 19. öld segir í sóknarlýsingu: „Færikvíar eru víða hafðar. Kýr liggja alls staðar inni á sumrum, og hestar (eru) traðaðir á einstaka bæ. Beitarhús eru óvíða, en alls staðar eru hús handa fé til, með veggjum, gjörðum og árefti, en borgir hvergi. Jarðarækt fer óðum vaxandi fyrir tilhlutan jarðabótafélagsins, sem sveitarmenn hafa stofnað, og eru því sums staðar komnir nýir túngarðar, þúfur sléttaðar og vatnsveitinga-skurðir grafnir, og eins hleðslur fyrir skriðuáhlaup.“²⁵

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849-50 var jörðin metin á 80 hundruð: „Tún á Svínavatni stórt, liggur vel við, mest allt þýft fremur grasgefið, en töðuljett, er þó í góðri rækt, fóðrar ríflega 7 kýr; slægjur eru miklar og góðar, hægar og nærtækar, og að kalla út frá túninu; mega þær heita á þurru og greiðfærar, sumarhagar þar á móti litlir og ljettir en hægir, því landið er lítið, í samanburði við jarðarinnar fóðurfeng. Vetrararbeit talsverð að vöxtum, kjarngóð og nær lengi til hennar, má nota beitina á einum stað ef hún leggur undir á hinum, og er því beitin í bezta reikningi snapasöm. [...] Á Svínavatni eru hættur á vorin bæði fyrir fjenað og stórgripi, og missist árlega, nema með beztu aðgætni daglega.“ Jörðin var þá virt á 1080 ríkisdali en með hjáleigunni Kárastöðum á 1380 ríkisdali.²⁶

Árið 1916 hafði túnið verið að 3/5 hlutum sléttað en 2/3 hlutar voru enn stórpýfðir, það var þá talið 23 dagsláttur, grasgefið og í góðri rækt og búið var að girða það allt með gaddavír. Um engjarnar segir að þær séu á dreif um bithaga en þó nokkuð samfelldar, fremur þurrlendar mýrar og vallendi. Þær voru fremur þýfðar en þó greiðfærar. Langt var á sumar þeirra og vegur frekar slæmur. Beitiland þótti gott til kúa – og hrossabeitar en fremur létt til

¹⁸ *DI III*, 1896. Bls. 640.

¹⁹ *Sýslu- og sóknarlýsingar*, bls. 93.

²⁰ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 435.

²¹ Ólafur Olavíus. 1965: *Ferðabók, Landshagri í norðvestur-, norður, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777*. II. Bindi. Reykjavík, bls. 285.

²² J. Johnsen, 1847. Bls. 237.

²³ *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 95.

²⁴ P. V. G. Kolka, 1950 Bls. 145,151.

²⁵ *Sýslu- og sóknarlýsingar*, bls. 94.

²⁶ Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 192. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

sauðfjárbeitar og nokkuð var snjóþungt. Undanfarin ár hafði jörðin framfleytt um 5 nautgripum, 250 fjár og 40 hrossum. Jörðin var þá alls metin á 7000kr.²⁷

Landamerki

„Að norðan, millum Svínavatns og Sólheima, eru merki þessi: Gamalt garðlag neðan frá vatni upp á milli hinna svonefndu „Garðshóla“, hinn neðri endir garðlags þessa er norðan í holti, en stór steinn stendur neðanvert við nálega á vatnsbakkanum, en hinn efri endi garðlagsins er við suður jaðar holts þess, er nyrðsti Garðshóllinn er á. Þaðan ræður bein stefna í uppsett merki á horni því norðari við „Breiðarnar“, sem næst er fyrir sunnan Stórahorn. Þaðan bein stefna uppá hálsinn austur í „Bræður“, þ.e. 2 stóra steina eður klofastein fyrir austan „Lönguflá“. Frá Bræðrum ræður bein stefna í útnorður, yfir suðurenda Ásaskarðs í vörðu á „Illufláarás“, og sama stefna áfram í aðra vörðu sem er beint vestur undan vörðu á Hrafnaklettum, þar sem þeir eru hæðstir. Frá vörðu þessari ræður merkjum millum Svínavatns- og Áslands bein lína austur í áður nefnda Hrafnaklettavörðu, þaðan sama beina lína í uppsett merki sunnanvert við holtið, er „Ása-Sjónarhóll“ er á, og enn sama stefna um uppsett merki ofan en í miðri „Landamerkjálá“ allt austur í upphlaðið merki á bakkanum við Blöndu, spöl korn fyrir norðan flóðgarðinn, er hlaðinn hefur verið sunnanvert við landamerkjálágarinnar neðri enda. Að austan ræður Blanda, hin austasta og stærsta kvísl hennar; á Svínavatn alla hólmana, nema hinn syðsta og austasta, er Æsustaðir eiga.

Að sunnan, millum Svínavatns og Tungunes eru merki þessi: Upp frá Blöndu hið svonefnda „merkjagil“ eða djúpur skurður upp í brekkubrúnnin; úr efri enda þess ræður bein stefna upp í vörðu syðst á „Stóratagli“, og þaðan sama stefna í vörðu, er stendur á ásbrúnninni fyrir austan „Dagmáladrag“ norðanvert. Frá hornvörðu þessari suður yfir hinn nyrðri enda Sjónvarhólsdalsins beinleiðis í „Sjónarhól“ fyrir austan dalinn; frá Sjónarhóls suður í vörðu á miðjum „Múla“endanum“ þar sem Svínavatns, Tunguness og Ytri-Löngumýrarlönd mætast. Frá vörðu þessari eru merki milli Svínavatns og Ytri-Löngumýrar bein lína í uppsett merki á Múlabrúnninni og í „Skollhól“, og þaðan sama stefna niður í landsuðurhorn „Múlatjarnarinnar.“ Millum Svínavatns og Stóradals ræður „Illakelda“ merkjum; rennur hún úr sunnanverðri tjörninni að vestan í útnorður skammt fyrir austan melhrygg þann, er gengur norður af „Stóradalshálsinum“; en er kemur norður fyrir enda hryggs þessa, beygist hún vestur á við, þar til hún rennur út lág flóann norður í „Vatnsvík“. Að vestan ræður Svínavatn. Auk þess á Svínavatn selstöðu í „Sljettárdal“ vestan ár innan í Auðkúlulandi borgunarlaust. Engar jarðir eiga ítök í Svínavatns, né Kárastaðalandi. Kirkjan á Svínavatni á 1/16 hluta í Spákonuarfi.“

Skjal þetta er undirritað að Svínavatni 14. maí 1890 af Helga Benediktssyni eiganda Svínavatns og Kárastaða.²⁸

²⁷ Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 125a. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

²⁸ Úr Landamerkjabók Húnavatnssýslu frá 1884. Svínavatn (1885), Skjal nr. 16.

Fornleifaskráning

Svínavatn-1

Fvnr.:10071

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 455522,11

N: 558206,62

Ástand: Horfinn, búið er að slétta úr honum

Heimildamaður: Kristján Jónsson, bóndi Stóradal

Staðhættir

Bærinn er norðarlega á heimatúninu, milli kirkjugarðs og fjóssins (TK).

Í örnefnaskrá segir: Til forna var tröð norður frá gamla bænum neðan við kirkjugarðinn og norður úr túninu“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Bærinn stóð suðvestan við íbúðarhúsið. Samkvæmt heimildamanni var búið að rífa húsin þegar hann eignaðist jörðina árið 1994.

Aðrar upplýsingar

Talið er að bærinn að Svínavatni hafi verið byggður um 1830 úr gömlum kirkjuviðum og var búið í bænum fram undir miðja 20. öldina. Bærinn var stór 5 stafna torfbær. Undir vestasta stafni bæjarins var stofan sem á sínum tíma þótti glæsileg og var meðal annars notuð sem þinghús fyrir svæðið. Stofan er 4.1 m á lengd, 2.8 m á breidd og lofthæð hennar er 1.95 m.“ Baðstofan á Svínavatni var gefin Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum á sjöunda áratug 20.aldar og stendur nú þar til sýnis (Heimasíða BHS). Bærinn var færður ofar og nær núverandi kirkju um miðja 20. öld (KÍ).





Mynd 2. Gamli bærinn á Svínavatni. Burstirnar taldar frá vinstri: Betri stofan, yfir henni var geymsluloft sem gengið var í úr hlóðaeidhúsi sem var baka til. Næst eru bæjardyrnar, fremur rúmgóðar og gengið var úr þeim í betri stofuna t.v. en t.h. í stóran geymsluskála sem er þriðja burst frá vinstri. Yfir geymsluskálanum var einnig geymsla sem gengt var í úr skálanum. Næst er skemma, yfir henni var ekki loft. Lengst t.h. er smiðjan þar sem bæði var smíðið og sviðið. Baðstofan var að baki húsanna en sést ekki á myndinni (Úr torfbæjum inn í tækniöld, 388). Myndin er í eign Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og birt með leyfi. Ljósmynd: Bruno Schweizer.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Heimasíða Byggðasafns Húnavetninga- og Strandamanna. Skoðuð þann 14.11.08.

KÍ: Unnar Ingvarsson ofl. (2006). Svínavatnskirkja. *Kirkjur Íslands 8. Bindi*. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.). Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn og Fornleifavernd: Reykjavík.

Bruno Schweizer (2003). *Úr torfbæjum inn í tækniöld, III bindi*. Ritstjóri Magnús Kristinsson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur ehf: Reykjavík.

Svínavatn-2



Mynd 3. Horft yfir Svínavatn, gamli bærinn er lengst til hægri á mynd og var gamli kirkjugarðurinn hægra megin hans en sést varla á myndinni. Neðan við kirkjuna eru útihús (hugsanlega nr. 7) og fjær sést í hús það sem skráð er nr. 27. Á milli kirkju og útihúss sést í fjárhús sem skráð er nr. 13. Myndin er í eign Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og birt með leyfi. Ljósmynd: Bruno Schweizer.

Fvrnr.:10096

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 455514,88 N: 558235,77

Ástand: Horfin, vegna niðurrifs

Staðhættir

Kirkjugarður var norðarlega á heimatúninu, fast norðan við bæ (TK). Í Kirkjum Íslands segir: Kirkja og kirkjugarður voru skammt neðan og norðan núverandi kirkjustæðis (bls.200). Gamli kirkjugarðurinn er vestan við núverandi íbúðarhús og kirkju.

Lýsing

Kirkjan stóð áður í gamla kirkjugarðinum [nr. 3] en engin merki eru lengur um kirkjubygginguna.

Aðrar upplýsingar

„Árið 1922 var lögð fram tillaga á safnaðarfundum að byggður yrði nýr kirkjugarður í holti neðan við Svínvetningabraut utan og ofan við heimatúnið [...]. Gamli garðurinn var löngu

orðinn útgrafinn og því nauðsynlegt að útvega meira grafrarrými, en þar sem lítið pláss var í nánd við gamla garðinn var ákveðið að færa hann talsverðan spöl frá kirkjunni (KÍ:200). Síðasta kirkjan sem í garðinum stóð var torfkirkja í sex stafgólfum sem byggð var 1825. Árið 1873 var hún orðin hrörleg og var ný kirkja reist og vígð á núverandi kirkjustæði árið 1882 (KÍ: 201-202). Hún var endurbyggð 1972 og steypdur var undir hana grunnur sem áður var hlaðinn úr grjóti (HÞ II: bls. 217).

Heimildaskrá

Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

KÍ: Unnar Ingvarsson ofl. (2006). Svínavatnaskirkja. *Kirkjur Íslands 8. Bindi*. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.). Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn og Fornleifavernd: Reykjavík.

HÞ: *Húnaþing II*. Pétur Pétursson. 1978. Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.

Svínavatn-3

Fvrnr.:10072

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Staðsetning: A: 455514,88

N: 558235,77

Ástand: Greinanlegar fornleifar, kirkjugarðsveggurinn hruninn að hluta og garðurinn í órækt

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu en ráðast á í endurbætur á garðinum

Staðhættir

Kirkjugarður var norðarlega á heimatúninu, fast norðan við bæ (TK). „Í örnefnaskrá segir: „Til forna var tröð norður frá gamla bænum neðan við kirkjugarðinn og norður úr túninu“ (ÖS: bls. 1). Gamli kirkjugarðurinn er vestan við íbúðarhúsið á Svínavatni.

Lýsing

Garðurinn er rúmlega 20x20m að ummáli. Hann er afmarkaður með grjóthlöðnu garðlagi að suðvestan og norðvestan en ekki var hægt að greina hleðslu við norðaustur- og suðaustur hliðar. Garðlagið er um 50sm hátt og 1,2m á breidd. Þýft er inni garðinum og mjög mikill gróður. Hlið er á garðinum miðjum til suðvesturs.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 4. Grjóthlaðinn veggur utan um gamla kirkjugarðinn.



Mynd 5. Gamli kirkjugarðurinn á Svínavatni (nr. 3) og fjár á myndinni eru fjárhús (nr. 9). Myndin er í eign Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og birt með leyfi þess. Ljósmynd: Bruno Schweizer.

Svínavatn-4

Sérheiti: Bæjarhóll

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarhóll, allstór hóll fram við gamla bæinn; mun hann að mestu hafa myndast af samanburði ösku og sorps.“ (ÖS: bls. 1-2).

Lýsing

Enginn hóll er framan við gamla bæjarstæðið en nokkur brekka er framan af og niður að túninu, gróin grasi og njóla. Hóllinn hefur líklega verið sléttaður.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-5

Hlutverk: Áletrun

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008

Heimildamaður: Kristján Jónsson, bóndi Stóradal

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Hella við bæjarlækinn með hring höggnum á“ (FS: bls. 43). Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags segir: „Á Svínavatni er við bæjarlækinn flöt hella allstór, slétt að ofanverðu [...]“ (Árbók 1910: bls. 70).

Lýsing

Hellan fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2008 og kannast heimildamaður, sem eignaðist jörðina 1994, ekki við að hafa séð steininn.

Aðrar upplýsingar

Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags segir: „[...] kom hún í ljós er kirkjan var byggð og túnið sléttað þar umhverfis. Það er einkennilegt við hana, að á hana er höggvinn óreglulegur hringur og rauf inn úr, grunt höggvið, en þó greinilega, og er ekki vafi á að þetta er mannaverk. Hringurinn er 53 sm. á einn veg að þvermáli og 64 sm. á annan veg; raufin er 23 sm. að lengd. Til hvers þetta hefir verið höggvið í helluna verður ekki unt að segja hér að svo stöddu. – Ekki lítur út fyrir að meira hafi verið höggvið á helluna né að þetta hafi breyzt.“ (Árbók 1910: bls. 70).

Heimildaskrá

Árbók 1910: *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Smávegis um nokkra staði og fornmenjar. Matthías Þórðarson. 1910. Hið íslenska fornleifafélag.

FS: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Ágúst Ó. Georgsson. 1990. Fornleifanefnd Þjóðminjasafns Íslands.

Svínavatn-6

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er á túnakorti rétt suðvestan við bæ (TK).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var matjurtagarðurinn í hallinu framan við gamla bæinn. Leifum hans var rutt út síðastliðið haust (2008).

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-7

Fvrnr.: 10073


Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 455563,10 N: 558176,72

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Hætta, vegna rasks



Mynd 6. Hluti gamla fjóssins. Horft er til suðausturs.

Staðhættir

Fjósið er norðarlega á heimatúninu, fast sunnan við bæinn (TK).

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækur er lítill lækur, sem fellur í gegnum túnið sunnan við bæ og fjós“ (ÖS: bls. 1). Tóftin er beint suður af steinsteypu fjósi og virðist sem hluti hennar hafi verið sléttaður næst fjósinu.

Lýsing

Tóftin er hlaðin úr torfi- og grjóti. Hún skiptist í fernt. Stærsta tóftin er vestast 3,5x9m að innanmáli. Grjóthleðslur ná í 90-100sm hæð og torfhleðsla úr streng þar ofan á um 40-60sm á hæð. Breidd veggja er 1,5m. Dyr eru syðst á vegg og aðrar á suðausturvegg. Þar austan við er minni tóft, 1x1,5m að innanmáli. Strengur er ofan á mestum hluta veggja sem eru um 1,7m háir. Innangengt til norðvestur inn í stærstu tóftina. Norðan við er tóft sem er 2x2,2m að innanmáli. Innangengt er til suðvesturs í stærstu tóftina. Hæð veggja er um 1,7m. Grjót er hlaðið í 50sm hæð að suðvestan og norðaustan. Ekkert grjót virðist vera í suðaustur og norðvestur vegg. Nyrsta tóftin er 2x5m að innanmáli. Dyr til suðausturs. Hæð veggja 1,2-1,7m. Breidd er 1-1,5m. Tóftin er full af girðingastaurum og vír. Mikill gróður er í tóftunum og umhverfis þær þ.á.m. njóli og rabarbari.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-8

Fvrnr.:10074

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 455609,54 N: 558191,10

Ástand: Horfið, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti er útihús austur af bæ, nálægt túnjaðri .

Lýsing

Miðað við afstöðu á túnakorti stóð útihúsið stóð að líkindum þar sem fjárhúsin standa í dag.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-9**Fvnr.:10075****Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 455412,45 N: 558279,81**Ástand:** Horfið, sléttað hefur verið yfir**Heimildamaður:** Kristján Jónsson, bóndi Stóradal**Staðhættir**

Á túnakorti eru tvenn útihús norðvestur af bæ, annað norðvestar við túnjaðarinn en hitt aðeins nær bæ. Í örnefnaskrá segir: „Gerði var kallað norðan við þann læk [Kvialæk]; þar eru fjárhús“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Útihúsið sem stóð nær bænum lá um 130m vestnorðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Svínavatni. Samkvæmt heimildamanni var því ýtt út árið 2000, húsin eru horfin en svæðið þar sem þau stóðu sker sig úr umhverfi með dökkgrænu grasi og töluverðu af njóla og greinilegt er að þar hefur staðið mannvirki. Lækur rennur sunnan við hólinn þar sem húsin stóðu, að líkindum lækur sá er nefndur er Kvialækur í örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort lýsing í örnefnaskrá á svonefndu Gerði eigi við þessi fjárhús eða þau hús sem hafa að líkindum staðið norðar, sjá umfjöllun um minjar nr. 10 (10076).

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-10**Fvnr.:10076****Sérheiti:** Gerði?**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 455364,79 N: 558320,41**Ástand:** Horfið, sléttað hefur verið yfir**Heimildamaður:** Kristján Jónsson, bóndi Stóradal**Staðhættir**

Á túnakorti eru tvenn útihús norðvestur af bæ, annað norðvestar við túnjaðarinn en hitt aðeins nær bæ. Í örnefnaskrá segir: „Gerði var kallað norðan við þann læk [Kvialæk]; þar eru fjárhús“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Um 50m norðvestan við tóft nr. 9 [10075] er annar hóll 14x14m að ummáli. Hóllinn er grænni en umhverfi sitt og njóli er á honum og virðist sem þar hafi staðið mannvirki sem nú er horfið.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort lýsing í örnefnaskrá á svonefndu Gerði eigi við þau hús sem að líkindum hafa staðið á hólum sem hér er skráður eða fjárhúsin sem stóðu sunnar (sjá umfjöllun um minjar nr. 9 [10075]).

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-11

Fvnr.:10077

Hlutverk: Varnargarður?

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 455433,98 N: 558302,53

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Kristján Jónsson, bóndi Stóradal

Staðhættir

Um 15m norðar en tóft nr. 9 [10075] er hár kantur í hálfboga, hugsanlega einhvers konar varnargarður. Hæð að neðanverðu er 1-1,5m en lægri að ofan. Óvíst er um aldur garðsins og kannaðist heimildamaður ekki við hann.

Svínavatn-12

Fvnr.:10078

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 455455,69 N: 558103,32

Ástand: Horfið, sléttað hefur verið yfir


Staðhættir og lýsing

Rúmlega 150m suðvestur af íbúðarhúsinu á Svínavatni, í sléttu túni, er smá hóll, flatur að ofan og virðist líklegt að þar hafi staðið eitthvert mannvirki.

Svínavatn-13



Mynd 7. Fjárhústóft utan túns. Horft er til suðurs.



Fvnr.:10079

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 455553,64 N: 558019,49

Ástand: Gott, veggir standa ágætlega

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti er útihús suður af bæ, við túnjaðar . Um 200m suður af bænum á Svínavatni eru tóftir fjárhúsa.

Lýsing

Syðra húsið er að innanmáli 2x7m. Veggir grjóthlaðnir í 50sm hæð og örlítið torf þar ofaná. Dyr snúa til suðvesturs. Hugsanlega er stallur við norður vegg en hann er um 2,8m að breidd. Nyrðra húsið er 1,8x7,5m að innanmáli og líklega einnig með garða eða stalli á miðjuveggnum. Dyr snúa til suðvesturs. Hlaðan er ofan við um 2,5x6,5m að innanmáli. Breidd útveggja hlöðu og fjárhúsa er 1-1,5m. Hlaðan og nyrðri tóftin eru fullar af járn- og timburleifum. Tæpum 30m suðvestan við fjárhústóftina (nr. 13) er grjóthruga nokkuð vegleg 6x8m að ummáli. Grjótið í hrúgunni virðist vera hleðslugrjót, en hlutverk óþekkt. (Staðsetning: A: 455523,31 N: 557993,76).

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús verið um 220m suður af gamla bænum, nálægt Svínavatni.

Lýsing

Ekki fundust nein ummerki eftir mannvirki í túninu.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-15

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús verið um 230m suðurvestur af gamla bænum, nálægt Svínavatni.

Lýsing

Ekki fundust nein ummerki eftir mannvirki í túninu.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-16

Sérheiti: Kvíalækur

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008/Horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Kvíalækur heitir lítill lækjarsytra norðarlega í túninu“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Kvíar fundust ekki við skráningu 2008 en hugsanlegt er að kvíarnar hafi verið á hól þeim skráður er hér að framan, sjá nr. 10 [10076].

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-17

Sérheiti: Hringur

Hlutverk: Lögrétta

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið?, líklega sléttað yfir

Heimildamaður: Kristján Jónsson, bóndi Stóradal

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Hringur var stykki neðst í túninu norðan við lækinn“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Ekki fundust nein merki um garðlag og þekkti heimildamaður ekki til þeirra

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Þar var hringmynduð girðing; sennilega verið þar lögrétta“ (ÖS: bls. 1).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-18

Hlutverk: Tröð

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Til forna var tröð norður frá gamla bænum neðan við kirkjugarðinn og norður úr túninu“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Tröðin sést ekki lengur þar sem tún hafa verið sléttuð og malarborin heimreið liggur neðan frá kirkjugarðinum og upp á veg.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-19

Sérheiti: Miðtúnsvarða

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Undirvöllur var kallað sunnan frá Bæjarlæk norður með Miðtúnsvörðu, og var mýrarsund, sem skildi hann frá aðaltúninu að mestu.“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Engin varða fannst við túnin.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-20

Sérheiti: Litlakot

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Litlakot hét skammt fyrir sunnan túnið, neðan við veginn“ (ÖS: bls. 4) .

Lýsing

Engar minjar þessa býlis fundust við skráningu 2008.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Þar voru vallgrónar tóftarrústir, og sést móta fyrir túnkraga“ (ÖS: bls. 4).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-21

Sérheiti: Garðaríki

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008

Staðhættir

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Gardaríkje. Hjáleiga, var bygð fyrst í manna minni hjer við túngarðinn[...]“ (JÁM: bls. 336).

Lýsing

Engin ummerki fundust um býlið við vettvangsskráningu 2008.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „[...] þar sem aldrei hafði fyrr býli verið; bygðin varaði til þess að fyrir 12 árum fjell það í auðn. Landskuld var xl álnir og galst til heimabóndans, stundum hærri, stundum lægri. Kúgildi voru ii og guldust leigur heim. Ekki má hjer aftur byggja nema til бага heimajarðarinnar“ (JÁM: bls. 336). Í Föðurtúni segir: „Í lok 17. aldar var í túnjaðri á Svínavatni hjáleigukotið Garðaríki“ (FT: bls. 151).

Heimildaskrá:

JÁM: *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

FT: *Föðurtún*. P. V. G. Kolka. 1950. P. V. G. Kolka.

Svínavatn-22

Sérheiti: Garðshólar

Hlutverk: Kennimark, garður

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki/horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Garðshólar eru nefndir tveir melhólar nálægt miðjum mýrum, rétt sunnan við merkin“ (ÖS: bls. 2). Í landamerkjálýsingu segir „Gamalt garðlag neðan frá vatni upp á milli hinna svonefndu „Garðshóla“, hinn neðri endir garðlags þessa er norðan í holti, en stór steinn stendur neðanvert við nálega á vatnsbakkanum, en hinn efri endi garðlagsins er við suður jaðar holts þess, er nyrðsti Garðshóllinn er á.“ (Úr Landamerkjabók Austur Húnavatnssýslu frá 1884).

Lýsing

Ekkert garðlag fannst við skráningu 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjabók Austur Húnavatnssýslu frá 1884. Svínavatn (1885). Skjal nr. 16.

Svínavatn-23

Fvnr.:10080

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 455620,30


N: 557951,58

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta



Mynd 8. Tóft sunnan bæjar. Horft er til austurs.



Staðhættir

Um 280m suðsuðaustur af bænum er tóft á lágum grænum hól.

Lýsing

Töluverður kantur er að norðaustan, norðvestan og suðaustan um 1m hár en útbrúnir óljósari til suðausturs. Lágir veggir eru að norðaustan og suðvestan, 40sm háir og um 1m breiðir en óljósari til norðvesturs, um 1,3m breiðir. Grjót sést á einum stað að suðvestan. Innanmál er 4x4m og hugsanlega eru veggjalög norðvestan við tóftina mjög óljós.

Svínavatn-24

Fvnr.:10081

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: A: 455904,71

N: 557511,23

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat:

Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Ingvar

Þorleifsson, Sólheimum



Mynd 9. Vegurinn niður að Vatnshorninu. Horft er til suðvesturs.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vatnshorn hefir verið kallað hornið á vatninu, þar sem gamli vegurinn lá ofan að því.“ (ÖS: bls. 4). Í Sýslu-

og sóknarlýsingum segir: „Þó er ein löng brú upp frá austurendanum á Svínavatni og heim að Svínavatnsbæ [...]“ (SSH: bls. 94).

Lýsing

Gamall akvegur liggur að norður/suður u.þ.b. frá þjóðveginum að austurenda Svínavatns. Hann er greinilegur á um 155m löngum kafla, um 3ja metra breiður. Hann er uppbyggður og um 50-80sm hár þar sem hann er hæstur. Staðhættir passa vel við lýsingu úr sóknarlýsingum hugsanlega hefur gamli vegurinn verið lagður á sama stað og reiðleiðin lá áður. Samkvæmt heimildamanni lá vegurinn niður að vatninu og áfram meðfram því og síðar í átt að Stóra- og Litladal. Var þá ekki jafn hátt í vatninu og er í dag. Sagði hann veginn oft hafa verið ófæran.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn--25



Mynd 10. Tóftir sunnarlega í Svínavatnslandi. Horft er til suðvesturs.


Fvnr.:10082

Hlutverk: Stekkur?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 456918,08

N: 557031,86



Ástand: Vel greinanlegar fornleifar
Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir


Um 1,8km suðaustur af bænum á Svínavatni ofan við uppþurrkað mýrarsund, tæplega 300m ofan eða norðaustan við þjóðveginn er tóft.

Lýsing

Tóftin er tví- eða þrískipt og snýr norðaustur/suðvestur, töluvert rofin á kafla syðst. Hæð veggja er 50-60sm og breidd 60-100sm. Stærsta hólfið er 3x3m að innanmáli. Hugsanlega eru dyr til norðausturs úr því en líklega hefur verið innangengt á milli þess og smærra áfasts hólfs eða króar suðvestan við. Vera kann að dyr hafi verið til suðvesturs úr syðra hólfinu. Minna hólfið er til suðvesturs, um 2m langt og mjög samfallið um 30sm breitt. Suðaustan við tóftina virðist vera þriðja hólfið og sést þar í grjót á tveimur stöðum, en veggir eru allir mjög óljósir og þýfðir.

Svínavatn-26

Grænistekkur



Fvnrnr.:10083

Sérheiti: Grænistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 456582,38

N: 557459,09

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nibba heitir strýta á hálsbrúninni, með litlu klettabelti efst, framan í Grænistekkur, beint niður undan Nibbu“ (ÖS: bls. 3-4). Um 500m norðvestar og u.þ.b 1,3km suðaustur af bænum á Svínavatni eru tvær tóftir í brekku 300-400m ofan við veginn. Sú sem liggur ofar í brekkunni er þrí-

eða fjórskipt og stendur á aflöngum hól sem liggur norðaustur/suðvestur og er um 22x12m að utanmáli,.

Lýsing

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur eins og hollinn sem hún stendur á. Neðsta og syðsta hólfið í tóftinni er 2x1,3m að innanmáli og er niðurgrafið í hollinn um 40-50sm djúpt. Útbrúnir veggja virðast renna saman við hollinn nema að suðvestan þar sem er fremur óreglulegur kantur allt að 20sm hár. Þar má greina grjót í hleðslunni á einum stað. Ekki sér í grjót innan í tóftinni sjálfri en hún er algróin. Dyr eða hlið gæti hafa verið upp í næstu tóft eða hólfið að norðaustan. Það stendur um 30sm hærra og eru veggir umfangsminni og óljósari um 10sm háir. Grjót sést í þeim á tveimur stöðum og er hólfið um 2x1m að innanmáli. Sunnan við er svo sá hluti tóftarinnar sem er hvað verst farin. Það er aflangt hólfið um 2,4x1,3m að innanmáli,

veggjahæð er 10sm og breidd er 40-60sm. Efst í hólnum þar sem hann er farinn að lækka upp á móts við brekkuna er einsog klauf inní hólinn að norðvestan sem gengur til suðausturs ofan við tóftina. Þar er hugsanlega bygging af einhverju tagi en það er mjög óljóst. Þó nokkuð dökkgrænt svæði er niður af hólnum til suðvesturs en ekki fundust þar nein veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Þar er gamalt stekkjarmót gróið töðugresi. Þar sjást líka leifar af húsatóftum“ (ÖS: bls. 4).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn--27

Fvnr.:10084

Hlutverk: Garður, leiðigarður, túngarður?

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 456594,28 N: 557410,89

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Garður virðist ganga útfrá neðri hluta hólsins (nr. 26) að sunnan í boga til suðausturs. Hann er mjög útflattur og jarðsokkinn og sker sig ekki úr umhverfinu hvað gróður varðar. Breidd er 1,5-2m og hæð 10-30sm. Hlutverk garðsins er óljós en hugsanlega hefur hann verið til að auðvelda innrekstur í tóftirnar. Eða að hann er hluti af gömlum túngarði og hefur þá að líkindum verið búið þarna um einhvern tíma.

Svínavatn-28

Fvnr.:10085

Hlutverk: Rétt?

Tegund: Tóftabyrping

Staðsetning: A: 456548,69

N: 557387,95

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat:

Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nibba heitir strýta á hálsbrúninni, með litlu klettabelti efst, framan í Grænistekkur, beint niður undan Nibbu. „Þar er gamalt stekkjarmót gróið töðugresi. Þar sjást líka leifar af húsatóftum“ (ÖS: bls. 3-4). Rúmlega 50m suðvestar og neðar í brekkunni er fjórskipt tóft, mjög stór, að líkindum rétt.

Lýsing

Breidd veggja er 50-120sm og hæð þeirra um 10-50sm. Grjót er enn greinanlegt á nokkrum stöðum í hleðslum. Austast er lítil tóft eða dílkur um 2x3,5m að innanmáli, hugsanlega með



Mynd 11. Tóftabyrping neðan Grænastekks.

dyr eða hlið til suðausturs en það er óvíst. Tóftin snýr norðaustur/suðvesturs og sömuleiðis tóftin sem er áföst næst að vestan. Hún er stærst tóftanna, 5x9m að innanmáli og eru dyr/hlið til norðvesturs. Tvennar tóftir eða dilkar eru áfastir þar vestan við og snúa norðvestur/suðaustur. Efri tóftin (nyrðri) er ógreinilegri 2x5m að innanmáli, veggir nokkuð rofnir með dyr til norðausturs. Neðri tóftin er um 3x5m að innanmáli og snúa dyr/hlið mót suðaustri. Neðan við tóftirnar til suðvesturs er 1-1,5m hár bakki.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort að þarna er um að ræða það sem kallað er leifar af húsatóftum í örnefnaskrá. Hugsanlega er þarna um að ræða rétt sem skráð er nr. 42 en um hana segir í Sýslu- og sóknarlýsingum: „Afréttarland sóknarinnar er á Auðkúluheiði, sem liggur undir Auðkúlu í Svínadal. Eiga þar upprekstur bæði Svínadals- og Torfalækjarhreppar. Réttir eru haldnar að Svínavatni, hinar fyrri á miðvikudaginn í 23. sumarviku. Þangað sækja Svíndælingar og Ásamenn. Þess utan er sent þangað árlega bæði úr Vatnsdal, Þingi og Blöndudal“ (SSH: bls. 85).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

Svínavatn-29

Fvnr.:10086

Hlutverk: Beitarhús


Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 455996,59 N: 559414,60

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Ingvar Þorleifsson, Sólheimum



Mynd 12. Grjóthleðslur í vegg í beitarhúsum.

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Austan undir túninu, sunnarlega, er tjörn, er heitir Húsatjörn. Austan við hana er melur, Húsamelur. Þar voru áður beitarhús frá Svínavatni [...].“ (ÖS: bls. 2-3). Beitarhúsatóft er við suðausturenda Húsatjarnar. Samkvæmt heimildamanni voru húsin notuð fyrir sauði en ekki vissi hann hvenær fé var síðast haft í þeim.

Lýsing

Tóftin er af tvöföldum fjárhúsum með garða og hlöðu áfastri aftan við. Fjárhúsin snúa norðaustur/suðvestur en hlaðan norðvestur/suðaustur. Grjót er í veggjum húsanna og görðum en hlaðan hefur verið reist úr torfi. Garðar eru 90sm á breidd og 40sm á hæð. Útveggir fjárhúsa eru um 1,3-1,4m á breidd og 60sm á hæð. Veggir eru um 3-4 raðir af grjóti en allt torf er horfið. Krær eru 1,2m breiðar og 8,5m langar. Hlaðan er að innanmáli 1,5x8,5m og breidd veggja er 1m og hæð 60sm. Innangengt hefur verið af görðunum í hlöðuna. Dyr út úr húsunum eru við garðendana til suðvesturs. Umhverfi beitarhúsanna er að mestu klappir og blásnir melar en grösugt mýrarsund suður af tjörninni.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-30

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækjargil, með Bæjarlæknum upp í Bæjarskarð. Langabrekka, á hálsbrúninni suður frá Bæjarskarði. Sunnan við Löngubrekku liggja götusneiðingar upp hálsinn yfir að Tungunesi.“ (ÖS: bls. 3).

Lýsing

Gatan var ekki skráð 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-31



Mynd 13. Varða, horft er til suðurs.

Fvrnr.: 10087

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 455507,68

N: 558860,10

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætt

Staðhættir og lýsing

Rúmlega 600m norður af íbúðarhúsinu á Svínavatni er varða. Grunnflötur hennar er 2x1,8m, hæð 1m. Varðan er að hluta hrunin.

Svínavatn-32

Fvrnr.:10088

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 455565,92

N: 559104,69

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Tæplega 900m norður af bænum uppi á hálsinum, við suðurenda Lönguflár er varða. Hún er 1,5x1m að grunnmáli og um 110sm há.



Mynd 14. Varða, horft er til suðurs.

Svínavatn-33



Mynd 15. Varða, horft er til suðurs.

Fvrnr.:10089

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 455303,71

N: 559437,80

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Úr landamerkjaskrá Svínavatns: „Að norðan, millum Svínavatns og Sólheima, eru merki þessi: Gamalt garðlag neðan frá vatni upp á milli hinna svonefndu „Garðshóla“, hinn neðri endir garðlags þessa er norðan í

holti, en stór steinn stendur neðanvert við nálega á vatnsbakkanum, en hinn efri endi garðlagsins er við suður jaðar holts þess, er nyrðsti Garðshóllinn er á. Þaðan ræður bein stefna í uppsett merki á horni því norðan við „Breiðarnar“, sem næst er fyrir sunnan Stórahorn. Þaðan bein stefna uppá hálsinn austur í „Bræður“, þ.e. 2 stóra steina eður klofastein fyrir austan „Lönguflá“. Frá Bræðrum ræður bein stefna í útnorður, yfir suðurenda Ásaskarðs í vörðu á „Illufláarás“, og sama stefna áfram í aðra vörðu sem er beint vestur undan vörðu á Hrafnaklettum, þar sem þeir eru hæðstir.“

Lýsing

Um 420m norðvestan við (nr. 32) er önnur varða, skammt austur af landamerkjum Svínavatns og Sólheima. Hún er mikið hrunin en hæð hennar þó um 50sm. Grunnflötur er 2,3x1,5m.

Heimildaskrá

Landamerkjabók Húnavatnssýslu (1884). Landamerkjaskrá Svínavatns (1885) Skjal nr. 16.

Svínavatn-34

Fvrnr.:10090

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 455713,64

N: 560036,76

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Tæplega 300m norður af nyrðri enda Húsatjarnar er varða, nyrst í landi Svínavatns skammt sunnan við landamerkin. Varðan er 90x120sm að grunnmáli og 65sm á hæð.



Mynd 16. Varða, norðan við Húsatjörn, við norður landamerki Svínavatns. Horft er til norðausturs.

Svínavatn-35



Mynd 17. Varða suður af Húsatjörn. Horft er til norðausturs.

Fvrnr.:10091

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 455893,36

N: 559213,53

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Varða er rúma 220m suðvestur af beitarhúsatóftunum, 1,2x1,5m að grunnfleti. Hæð er um 140sm

Svínavatn-36

Fvrnr.:10092

Sérheiti: Byrgisás

Hlutverk: Byrgi?

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 456233,27

N: 558967,76

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá segir: „Úr Blátindsdökkinni liggur mjótt drag sunnan við borgina austur eftir. Ásendi sunnan við það drag, og er það endi á löngum ás, sem heitir



Mynd 18. Hrunin grjóthleðsla, byrgi? Í baksýn má sjá Húsatjörn. Horft er til nnv.

Byrgisás.“ (ÖS: bls. 3). Á ásenda um 490m suðsuðaustur af beitarhúsatóftinni nr. 29 [10086] er hrunin grjóthleðsla, 1,2x1,2m að grunnmáli. Hún er 40sm að hæð. Þar sem hleðslan er hrunin er erfitt að meta hverskonar mannvirki þetta var en hugsanlegt er að þetta sé byrgið sem nefnt er í örnefnaskrá og passa staðháttalýsingar við það.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Svínavatn-37



Mynd 19. Lítil varða. Horft er til suðvesturs, Svínavatn í baksýn.

Fvnr.:10093

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 456060,17

N: 558439,68

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Rúma 550m norðaustur af bænum á Svínavatni, austur af Bæjarskarði er lítil varða, þar sem nokkrum steinum er raðað upp á stærri stein. Alls um 40sm hátt. Varðan virðist ekki mjög gömul.

Svínavatn-38

Fvnr.:10094

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 456314,96

N: 558213,20

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Á brúninni um 750m austur af bænum á Svínavatni eru tvær vörður eða hleðslur upp við stóra steina. Sú nyrðri er um 1m á hæð og um 1x1,5m að grunnmáli.



Mynd 20. Varðan til hægri á mynd er nr. 38 og til vinstri nr. 39. Horft er til suðurs.

Svínavatn-39

Fvnr.:10095

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 456320,74 N: 558207,08

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Á brúninni um 750m austur af bænum á Svínavatni eru tvær vörður eða hleðslur upp við stóra steina. Sú syðri er um 60sm á hæð og um 1x1,5m að grunnmáli.

Svínavatn-40

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið, vegna sléttunar túns

Staðhættir

Á túnakorti er útihús um 140m vsv af bænum.

Lýsing

Ekki fundust nein ummerki eftir mannvirki í túninu.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Svínavatn-41

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008

Staðhættir: Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Sums staðar, eins og millum Svínavatns og Sólheima, sést fyrir engja- og landamerkjagörðum“ (SSH: bls. 99).

Lýsing

Engin garðlög fundust á þessum slóðum við vettvangsskráningu 2008.

Heimildaskrá

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

Svínavatn-42

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin/sjá nr. 28

Heimildamaður: Ingvar Þorleifsson, Sólheimum

Staðhættir

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Afréttarland sóknarinnar er á Auðkúluheiði, sem liggur undir Auðkúlu í Svínadal. Eiga þar upprekstur bæði Svínadals- og Torfalækjarhreppar. Réttir eru haldnar að Svínavatni, hinar fyrri á miðvikudaginn í 23. sumarviku. Þangað sækja Svíndælingar og Ásamenn. Þess utan er sent þangað árlega bæði úr Vatnsdal, Þingi og Blöndudal“ (SSH: bls. 85).

Lýsing

Ekki hafði heimildamaður heyrt réttarinnar getið en hugsanlega er þetta heimild um réttina sem skráð er nr. 28.

Heimildaskrá

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

Svínavatn-43**Hlutverk:** Sel**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Selstöðu eigna menn jörðunni á Sljettárdal, og hefur hún brúkuð verið í manna minni“ (JÁM: bls. 336).

Lýsing

Sel var ekki skráð 2008 en verður skráð síðar með öðrum minjum á Sléttárdal.

Aðrar upplýsingar

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Svínavatn þykist og eiga selstöðu á Sléttárdal, og hefur hún verið notuð 1 eða 2 ár í manna minnum, en bæði hún og selstaðan frá Auðkúlu eru að líkindum aflagðar sökum örðugleika“ (SSH: bls. 93).

Heimildaskrá

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

Svínavatn-44**Hlutverk:** Sel**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Í afsalsbréfi fyrir Svínavatn frá 1398 kemur fram að jörðin átti selstöðu í Laugarhóli í Auðkúlustaðajörð og sambeit með Tungunesi (DI III, 1896. Bls. 640).

Lýsing

Selstaðan var ekki skoðuð sumarið 2008 en verður síðar skráð með öðrum minjum í landi Auðkúlu.

Heimildaskrá

DI – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn III 1269-1415*, 1896. Kaupmannahöfn.

Svínavatn-45**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Úr landamerkjaskrá Svínavatns: „Að sunnan, millum Svínavatns og Tungunes eru merki þessi: Upp frá Blöndu hið svonefnda „merkjagil“ eða djúpur skurður upp í brekkubrúnn; úr efri enda þess ræður bein stefna upp í vörðu syðst á „Stóratagli“, og þaðan sama stefna í vörðu, er stendur á ásrúninni fyrir austan „Dagmáladrag“ norðanvert.“

Lýsing

Varðan fannst ekki við skráningu 2008.

Heimildaskrá

Landamerkjabók Húnavatnssýslu (1884). Landamerkjaskrá Svínavatns (1885) Skjal nr. 16.

Svínavatn-46**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Úr landamerkjaskrá Svínavatns: „Að sunnan, millum Svínavatns og Tungunes eru merki þessi: Upp frá Blöndu hið svonefnda „merkjagil“ eða djúpur skurður upp í brekkubrúnina; úr efri enda þess ræður bein stefna upp í vörðu syðst á „Stóratagli“, og þaðan sama stefna í vörðu, er stendur á ásbrúninni fyrir austan „Dagmáladrág“ norðanvert.“

Lýsing

Varðan fannst ekki við skráningu 2008.

Heimildaskrá

Landamerkjabók Húnavatnssýslu (1884). Landamerkjaskrá Svínavatns (1885) Skjal nr. 16.

Svínavatn-47**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Úr landamerkjaskrá Svínavatns: „Að sunnan, millum Svínavatns og Tungunes eru merki þessi: Upp frá Blöndu hið svonefnda „merkjagil“ eða djúpur skurður upp í brekkubrúnin; úr efri enda þess ræður bein stefna upp í vörðu syðst á „Stóratagli“, og þaðan sama stefna í vörðu, er stendur á ásbrúninni fyrir austan „Dagmáladrág“ norðanvert. Frá hornvörðu þessari suður yfir hinn nyrðri enda Sjóntvarhólsdalsins beinleiðis í „Sjóntarhól“ fyrir austan dalinn; frá Sjóntarhól suður í vörðu á miðjum „Múla“endanum“ þar sem Svínavatns, Tunguness og Ytri-Löngumýrarlönd mætast. Frá vörðu þessari eru merki milli Svínavatns og Ytri-Löngumýrar bein lína í uppsett merki á Múlabrúninni og í „Skollhól“, og þaðan sama stefna niður í landsuðurhorn „Múlatjarnarinnar.“

Lýsing

Varðan var ekki skráð á vettvangi 2008.

Heimildaskrá

Landamerkjabók Húnavatnssýslu (1884). Landamerkjaskrá Svínavatns (1885) Skjal nr. 16.

Svínavatn-48**Sérheiti:** Svínavatnsskot**Hlutverk:** Bústaður**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Aðrar upplýsingar**

Í eyðibýlaskrá Olavíusar er eyðibýlisins Svínavatnsskots getið og þar sagt hafa farið í eyði 1707. Vera kann að um sé að ræða þriðja nafnið á afbýli sem lá við túngarð sem nefnt er Litlakot [20] í örnefnaskrá og Garðaríki [21] í jarðatali Árna og Páls.

Hólabak



Mynd 21. Gamli bærinn á Hólabaki árið 1936. Fjósið er lengst til hægri þar sem dyrnar eru opnar og vinstra megin við það er hverfisteinn. Á þakinu situr Vigdís Björnsdóttir húsfreyja (*Úr torfbæjum inn í tækniöld*, 330). Myndin er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og er birt hér með leyfi þess. Ljósmynd: Bruno Schweizer.

Ágrip af sögu

„Bærinn stendur vestarlega á Vatnsdalshálsi, beint vestur af Miðhúsum, en þar verður norðvesturhluti hálsins hæstur, víðsýni mikið.“²⁹

Hólabaks er fyrst getið í Sigurðarregistri frá 1525 yfir eignir Þingeyrarklausturs.³⁰ Árið 1713 átti konungur Hólabak og var landsskuldin greidd í fiski í kaupstað eða landaorum til Þingeyraklausturshaldara, en jörðin hafði tilheyrt klaustrinu fyrir siðaskipti 1550. Leigukúgildin átti að greiða í smjöri til klaustursins.

Jörðin var með selstöðu á Hólabaksseli undir Víðidalsfjalli.³¹

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin á 24 hundruð: „Túnið meiri partinn sljett, er í ræktun, og má verða grasgefið, er mjúklent, fôðrar 3 kýr; engjateigar eru tveir, annar vestur við Gljúfurá (Eldsnes) hinn austur við Breiðvað, (Hólmi) og tilheyrir hann hálfur Vatnsdalshólmi; báðir þessir teigar langt í burt, í gagnstæðri átt heiman að, litlir og snöggir, en þurrir og sæmlega grasgóðir; eru þeir aðal slægjulandið, en dálítið má reita að auri, innan

²⁹ *Húnaþing II*. Pétur Pétursson. 1978. Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o fl.

³⁰ *DI IX*, 1909-1913. Bls. 314.

³¹ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 255.

um flálendi á votu; sumarhagar í meðallagi, heldur lakari en á næstu jörð á undan, en nærfærir, og nógir að víðáttu, og ei heldur fyrir stórgripi, jafn óhagfelldir eins og á Umsvölum; vetrarþétt kjarngóð, hæg og nóg að landrými, og nær lengi til hennar.“ Virt á 540 ríkisdali.³²

Árið 1865 er talsvert af túninu slétt, greiðfært og í sæmilegri rækt. Hlaðinn hafði verið 10 faðma túngarður úr torfi fyrir utan og neðan túnið. Um beit segir að snapasamt sé á vetrum en sumarþétt fremur létt. Engjar eru sagðar rýrar og langt að sækja þær, vestur við Hóp og austur við Skriðuvað: „En ábúandinn hyggur að mögulegt væri að bæta hér engi eða búa til engi með framskurðum á óræktarflóum hér vestur frá sem aldrei hafa verið brúkaðir til slæгна en ekki kveðst hann geta ráðist í að byrja á því verki nema hann á meðan, í hið minnsta, fríist við aðra jarðabótavinnu.“ Í byggingarbréfi frá 1880 segir að árlegar jarðabætur skuli 50 ferfaðma slétta í túni eða 10 faðmar af túngarði. Árið 1881 hafði ábúandi sléttað 170 ferfaðma og áður hafði fyrri ábúandi sléttað mikið af því. „Á jörð þessari er helst um að gjöra að slétta túnið og auka það út þar eð slægjur utantúns eru sárlitlar og hér og hvar innan um beitaland og verða tæpast auknar eða bættar að mun.“³³

Árið 1916 var túnið talið 9 dagsláttur, í meðallagi grasgefið og í góðri rækt, girt með skurðum, gördum og gaddavír. Það er talið gefa af sér um 120 hesta. Engjar eru snöggslægar og þýfðar, sumstaðar grýttar og þurrleðar, hey holl en létt og talin gefa af sér um 180 hesta. Beitaland er gott fyrir hross og fé og vetrarþétt góð en kúabeit léleg. Jörðin hefur framfleytt 2 kúm, 10 fjár og 10 hrossum. Jörðin er metin á 3300kr.

Landamerki

„Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hólabaki í Sveinsstaðahreppi og 1/3 hluta af eyðikotinu Ranhólum, sem byggður er með Hólabaki síðan 1853.“

„Að sunnan milli Hólabaks og Umsvala ræður merkjum steinn, er stendur í svonefndum Votahvammi vestur við Gljúfurá, og frá honum beina línu austur yfir Umsvalaborgir í vörðu, sem hlaðin er á Einarsholti og frá henni sömu stefnu að Vatnsdalshólalandi; þá að austan norður með því um steininn í mýrinni fyrir vestan brúnina og Vörðuhól í steina tvo í kýrlág, og frá þeim beint til norðurs í vörðu, sem er vestur undan Ranhólakoti, eða því sem næst, og svo að norðan frá greindri vörðu meðfram Sveinsstaðalandi vestur í stein, sem stendur á ásnum norður undan Hólabaki, og beint vestur í grjótvörðu á Leitisás, sem er hornvarða Hagalands. Frá henni beint til annarrar vörðu, sem er suður undan Steinholtinu, og svo beint í mitt Landamerkjasyki, sem fellur í Hópið. Að vestanverðu frá fyrstnefndum steini í Votahvammi ræður Gljúfurá merkjum sem hún fellur í Hópið, og svo það að Landamerkjasyki. –Hólabak á sem ítak hálfar slægjur á móts við Vatnsdalshóla á Skriðuhólma, sem liggur milli hins forna árfarvegs og Kvíslarinnar suður undan Hnausum.“

Skjalið er undirritað í Hvammi, 22. maí 1185 af B.G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklausturs jarða.³⁴

³² Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 11. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

³³ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð VI/1.

³⁴ Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Svinavatn (1885), skjal nr. 16.

Fornleifaskráning

Hólabak-1

Fvnr.:10097

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434935,96

N: 555550,87

Ástand: Horfinn, sléttað yfir

Heimildamaður:

Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir:

Samkvæmt túnakorti hefur bæjarstæðið legið í miðju heimatúninu.

Lýsing

Bærinn stóð um 60m austur en núverandi íbúðarhús. Búið er að rífa bæinn og nú sést aðeins smá bunga í túninu þar sem hann stóð. Hann mun hafa verið rifinn um miðja 20. öld. Bærinn stóð syðst á svokölluðum Rústarás (sjá hér að neðan). Engar rústir eða tóftir fundust á ásnum sem að mestu er kominn undir tún. Uppruni örnefnisins er óþekkt og ekki vitað hvaða rústa vísað er til þar.

Nánari lýsing


Í örnefnaskrá frá 1952 segir:

„Rústarás, beint norður af túninu vestanverðu, hæsti ásin á þessu svæði, liggur út í Sveinsstaðaland“ (ÖS 1952: bls. 1). Í örnefnaskrá frá 1975 segir: „Fremur lágur ás, er liggur í stefnu SSA-NNV. Bærinn Hólabak stendur á suðurenda hans. Ásin nær inní Sveinsstaðaland“ (ÖS 1975: bls. 1).

Aðrar upplýsingar

Úttekt var gerð að Hólabaki 31. maí 1824 og er ástandi húsa svo lýst:

„**Baðstofa**, 11 $\frac{3}{4}$ alin að lengd og 3 $\frac{3}{4}$ alin á breidd. Í fjórum stafgólfum og bilkorn að auki. Hefir 10 stafi — 6 af þeim standa á báiki og eru stuttir, hinir og ekki fulllangir — aukin lausholt beggja vegna, nema í fremsta stafgólfi eru syllunefnur. 3 bita, 5 sperrur, veggglægjur beggja vegna, 2 langbönd á hlið, nema í einu stafgólfi næst því norðasta, mænitróðu óbrotna og raftviðar árefti, mestpart gisið. Fyrir dyrum er hurðarflak á járnum við dyrastafanefnur en dyratré vantar. Húsið hefir í fyrstu verið ólaglega byggt og er því orðið mjög skakkt og gliðnað, þar til er margt af þessum viðum fúið og grannt svo baðstofan þarf snarlega að endurbyggjast. Austari hliðveggurinn mikið út snaraður og fallferðugur. Að öðru leyti eru veggirnir nokkurn veginn stæðilegir.“



„**Búr**, 5 ½ alin að lengd og 3 álnir á breidd. Hefir 1 stoðalaus bita undir dverg og sperruröftum, samt aukinn mæniás. Þver- og langreft, meinast sumpart æði fúíð. Dyratré, dyrastafir og lasleg hurð á járnum með hespu og keng er til. Við austari stafn er ás aukinn, fúinn og allareiðu af sloppinn. Vestari stafnveggurinn moldrunninn og hliðveggurinn norðan til út hallur, hinir stæðilegir.“

Eldhús: „Veggir stæðilegir. Eldhúsið er hurðar- og dyrastafalaust. Þak er í standi.“

„**Göng** frá bæjardyrum (útidyrum) og allt inn að eldhúsi, eru vel 18 álnir að lengd, sumstaðar heldur til þröng, hvörgi að fullu saman hlaðin að ofan. Reft upp af gömlum og sumpart fúnum sprekum. Yfir bæjardyrum er dyratré með dyrastöfum undir, hurð gömul á járnum og tveir lokukengir, tréþröskuldsnefna, lítið björpil yfir dyrum og vindskíði. Tæpum faðmi innan bæjardyrnar er bitamynd með stoð undir hans öðrum enda, hvör að er fúin og af brotin. Lítill dvergur er á þessum bita undir mænitróðu, sem liggur fram á sperrunefnur yfir bæjardyrnum. Fáir og fúnir smáraftar, og sumstaðar úr fallnir, eru beggja megin nefndrar mænitróðu. Veggir gangnanna eru stæðilegir en syðri bæjardyra kampurinn er slæmur.“

„**Fjós** út úr göngunum móts við baðstofudyr yfir fjórar kýr. Hefir 2 stoðir undir þríauknum ási, þver- og langreft, sæmilega víðað. Þrjá smárafta vantar sem eru úr fallnir. Stoð er undir enda eins máttarrafts. Yfir dyrum eru 2 dyratré og raftur á milli. Dyrastafir og gisin hurð á járnum. Veggir sumpart stæðilegir nema vestan dyrnar er veggurinn ónýtur og norðurveggurinn er út hallur, þak gott.“

„**Geymslúhús** fram á hlaði, 2 stafgólf á lengd, hér um 4 álnir á breidd. Hefir 1 bita með sperrum og tveimur stoðum undir. Aukin mænitróða og 1 langbandsraftur hvörju megin sem mætast á sperrunum. Þar fyrir utan mestpart þverreft af grönnum og lítt fúnum raftvið. Dyratré með dyrastöfum, tréþröskuldi og litlu björpili yfir dyrum. Þéanleg hurð á járnum með bilaðri skrá og lykill fylgir. Veggir sumpart góðir nema vestari veggurinn er mjög snaraður til vesturs og að utanverðu er tekið til að hrynja úr veggjahornum sumstaðar. Þak vallgróið.“ (ÞÍ. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 72).

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

ÖS 1952: Örnefnaskrá Hólabaks. Björn Bergmann. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

ÖS 1975: Örnefnaskrá Hólabaks. Baldur Magnússon. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102. Öprentað handrið á Þjóðskjalasafni Íslands.

Hólabak-2

Fvrnr.:10098

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Torf- og grjóthleðsla

Staðsetning: A: 434856,89

N: 555714,15

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar, hleðslur standa víða sæmilega en girðingarstaurar eru í garðinum á kafla

Hættumat: Hætta vegna rasks

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Hlutar túngarðsins standa enn og er hann stæðilegur á köflum en nánast ekkert er eftir af honum til austurs.



Mynd 22. Túngarðurinn norðan við fjósið, horft er til norðausturs.

Lýsing

Smá brot er eftir af túngarðinum, 12m langt austan við túnið upp við náttúrulegan hól. Þar er um að ræða um 13m langa röð stórra steina sem liggur norður/suður. Breidd garðbrotsins er 120sm, hæð 50-80sm. Nokkrir steinanna eru mjög stórir og líta vart út fyrir að vera manntækir. Túngarðurinn er heillegastur norðan við fjósið, rúmlega 130m langur, hlaðinn að mestu úr torfi. Hann liggur í vinkel til norðurs frá fjósinu og svo til austurs. Breidd hans er 1-2m og hæð 50-150sm. Girðing liggur ofan á garðinum. Garðurinn er einnig greinilegur í suðvesturhorni túnsins þar sem hann er lengstur eða rúmlega 170m langur. Þar liggur hann frá norðri til suðurs um 25m suðvestur frá horni íbúðarhússins en beygir svo til austurs sunnan við heimatúnið.

Hólabak-3

Fvrnr.:10099

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434921,32 N: 555545,44

Ástand: Horfinn, búið er að fylla í brunninn

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var brunnurinn vestur af bænum og ekki er langt síðan fyllt var upp í hann. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildarmanns.

Lýsing

Brunnurinn var steinhlaðinn við gamla bæinn eða í úthýsi við bæinn.

Nánari lýsing

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Vatnsból er ilt og bregst margoft bæði sumar og vetur til stórmeina.“ (JÁM: bls. 255).

Heimildaskrá

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

Hólabak-4

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús staðið um 10m austan við bæjarstæðið í heimatúni.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og sést ekkert eftir af þeim lengur.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús staðið um 10m norðaustan við bæjarhúsin í heimatúni.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og engar leifar þeirra eru nú sýnilegar.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-6

Fvnr.:10100

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434881,83 N: 555549,94

Ástand: Horfin, sléttað hefur verið yfir

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Á túnakorti sést heimreiðin liggja nokkurn veginn austur-vestur vestan við og að bænum.

Lýsing

Heimreiðin mun hafa legið á sama stað og hún er í dag en náði lengra til austurs að bæjarhólum. Engin merki eru lengur um gömlu heimreiðina.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-7

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið, sléttað hefur verið yfir

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús verið vestarlega í heimatúninu, um 40m beint vestur af bæjarhúsunum.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og sést ekkert eftir af þeim lengur.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-8

Fvnr.:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hafa fjögur útihús legið í röð (norður-suður) við vesturhlið túnjarðarins, um 100m norðvestur af bænum.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og sést ekkert eftir af þeim lengur.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-9

Fvrnr.:10101

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434845,74 N: 555632,03

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hafa fjögur útihús legið í röð (norður-suður) við vesturhlið túnjarðarins, um 100m norðvestur af bænum.

Lýsing

Útihús var vestan við núverandi fjós þar sem nú er hesthús. Hluti þeirra var rifinn fyrir komu núverandi ábúenda uppúr 1970 en það var endanlega rífið 2007 þegar að hesthúsin voru byggð.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-10

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hafa fjögur útihús legið í röð (norður-suður) við vesturhlið túnjarðarins, um 100m norðvestur af bænum.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og sést ekkert eftir af þeim lengur.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-11

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hafa fjögur útihús legið í röð (norður-suður) við vesturhlið túnjarðarins, um 100m norðvestur af bænum.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og sést ekkert eftir af þeim lengur.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-12

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Horfið

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús staðið í norðvestur horni heimatúnsins, rétt norðan fjögurra útihúsa [nr. 8-11] sem liggja í röð (norður-suður) á vesturhlið túnjarðarins.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og sést ekkert eftir af þeim lengur.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Hólabak-13

Fvrnr.: 10102

Hlutverk: Óþekkt, stekkur?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434875,38 N: 555407,13

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta


Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir


Tóft liggur á klapparhóli sunnan við bæjarhúsin að Hólabaki, rúmlega 120m suður af íbúðarhúsinu og um 18m suður af syðsta hluta túngarðs.

Lýsing

Tóftin er tvískipt en hlutverk hennar er óþekkt, hún liggur austur-vestur. Vestara hólfið er 2x2m að innanmáli og virðist opið til suðurs, hæð veggja er um 20-50sm og breidd þeirra 60-100sm. Hólfið austan við stendur um 40sm lægra, er 2x2,5m að innanmáli og eru veggir þess mjög óljósir. Breidd veggja er um 60-90sm og veggjahæð 10-30sm. Tóftin er tvískipt og minnir um margt á stekk.



Hólabak-14



innganginn.



Fvrnr.:10103

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, tóft

Staðsetning: A: 432276,09

N: 556497,96

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Norðvestast í landi Hólabaks, við suðurenda Hópsins og austan við ós Gljúfurár er garðlag austan undir svolitlum klapparrinda. Garðlagið er tæpa 3km norðvestur af bænum á Uppsölum.

Lýsing

Garðlagið liggur nálega norður/suður og liggur að austan meðfram klöppinni sem myndar suður og vestur vegg tóftarinnar. Tóftin er um 6m löng og 2m breið en veggurinn um 80sm breiður og 20-30sm hár, hún er opin til norðurs. Austan við tóftina er svolitill niðurgröftur 1,3x3m að ummáli og um 10sm djúpt. Þaðan hefur efni hugsanlega verið tekið í vegginn. Að norðan er stór steinn við

Hólabak-15



Mynd 23. Áveitugarður, horft er til austurs.

Fvrnr.:10104

Hlutverk: Áveitugarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 432323,90

N: 556373,78

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Áveitugarðar eru á engjum norðvestast í landi Hólabaks, rúmlega 170m suður af Hópinu og tæplega 200m austur af Gljúfurá. Nyrst er garðlag sem liggur austur/vestur.

Lýsing

Garðurinn sem er rofinn á köflum er tæplega 100m á lengd og er breidd um 90-120sm og hæð 30-40sm. Efni í garðinn hefur verið stungið upp meðfram honum að norðan.

Hólabak-16**Fvnr.:**10105**Hlutverk:** Áveitugarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 432255,32

N: 556329,42

Ástand: Heillegar fornleifar**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hættu*Mynd 24. Garðlag, hugsanlega hluti áveitukerfis.***Staðhættir**

Áveitugarðar eru á engjum norðvestast í landi Hólabaks, rúmlega 170m suður af Hópinu og tæplega 200m austur af Gljúfurá. Nyrsta garðlagið er þeirra stærst en minna garðlag er um 50m suðvestar.

Lýsing

Hlaðinn garður virðist vera við enda aflangrar tjarnar sem liggur við vegslóðann niður eftir árbökkunum að Hópinu. Garðurinn liggur norður/suður og er hugsanlega hluti af áveitukerfinu. Breidd er um 1m og hæð 30-40sm.

Hólabak-17**Fvnr.:**10106**Hlutverk:** Áveitugarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 432288,72

N: 555909,37

Ástand: Heillegar fornleifar**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hættu**Staðhættir**

Tæplega 180m norðvestur af veiðihúsinu austan Gljúfurár, austan við vegslóðann sem liggur niður (norður) að Hópinu er áveitugarður.

Lýsing

Garðlagið er gróið, alls um 80m langt, breidd þess er mest um 1m og hæð um 40sm. Það liggur austur/vestur.

Hólabak-18**Fvnr.:**10107**Hlutverk:** Náma**Tegund:** Niðurgroftur**Staðsetning:** A: 432312,57

N: 555897,24

Ástand: Heillegar fornleifar**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hættu**Staðhættir**

Tæplega 180m norðvestur af veiðihúsinu austan Gljúfurár, austan við vegslóðann sem liggur niður (norður) að Hópinu er áveitugarður. Meðfram garðinum er niðurgroftur og beggja

vegna hans eru greinilegir niðurgreftir, hugsanlega eftir torfristu og að líkindum hefur efni í garð nr. 17 [10106] verið tekið þar.

Lýsing

Austara svæðið er umfangsmeira um 25x10m að utanmáli, óreglulega lagað. En vestar er minna svæði 2x7m og einnig er niðurgrafið meðfram garðinum að norðan.

Hólabak-19

Fvrnr.:10108

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Grjóthleðsla


Staðsetning: A: 433188,14 N: 554958,42

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá frá 1975 segir: „All hár melhryggur liggur frá austri til vesturs. Vesturendi hans



Mynd 25. Smalakofi á Úlfshrygg, horft er til suðvesturs.

við Gljúfurá. Hann er í vestur frá bænum á Hólabaki. Á enda hans við Gljúfurá eru rústir af gömlu smalabyrgi“ (ÖS 1975: bls. 2).

Smalabyrgi er á vestur brún hás melhryggjar, Úlfshryggjar, norðan við frístundahús, um 500m norðnorðaustur af brúnni yfir Gljúfurá. Byrgið er tæpa 2km vsv af bæjarhúsum á Hólabaki.

Lýsing

Tóftin er um 1x1,5m að innanmáli og snýr norðvestur/suðaustur, opin til suðausturs. Norðvestur veggur er hæstur um 90sm hár, grjóthlaðinn en algróinn. Byrgið virðist grafið inn í svolítinn gróinn hól. Veggir lækka til beggja hliða í suðaustur og verða hæstir um 10sm háir, breidd þeirra er um 60-100sm. Tóftin og nánasta umhverfi eru grasi og lyngi gróin en melurinn ber umhverfis.

Heimildaskrá

ÖS 1975: Örnefnaskrá Hólabaks. Baldur Magnússon. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Hólabak-20



Mynd 26. Smalakofi, horft er til norðvesturs.

Fvnr.:10109

Hlutverk: Smalakofi?

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning: A: 433484,4

N: 554660,05

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Á melhól um 40m suður af þjóðvegi og um 200m austur af Gljúfurá eru leifar grjóthlaðs kofa.

Lýsing

Hleðslan er efst á hólnum, um 1x1m að innanmáli. Grjóthlaðið á alla kanta og eru veggir nokkuð hrundir. Dyr gætu hafa snúið mót austri. Hæð er mest um 25sm. Hleðslan hefur að líkindum alltaf verið lág og líklega hlaðin sem skjól t.d. fyrir smala.

Hólabak-21

Fvnr.:10110

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning: A: 433399,25

N: 554439,11

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Á melkolli rúmlega 150m suður af þjóðvegi, rúmlega 100m norður af Gljúfurá og rúma 2m norður af veiðivegi sem liggur upp með ánni er hleðsla.

Lýsing

Einföld hleðsla er í hálfhring utan um topp melkollsins og liggja einhverjir steinar utan hleðslunnar, sem líklega eru hrun úr henni. Hleðslan er 1,3x1,5m að utanmáli.



Mynd 27. Grjóthleðsla á melkolli. Horft er til nnv.

Hólabak-22



Mynd 28. Varða, horft er til suðausturs.
um 380m austur af Gljúfurá.

Lýsing

Varðan er um 180x180sm að utanmáli. Hlaðin útbrún en fyllt upp með smærra grjóti. Hæst að vestan um 50sm en lægri og meira hrúnin til annarra átta.

Fvrnr.:10111

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 433912,40

N: 554307,01

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Rúmlega 1,5km suðvestur af bænum á Hólakoti standa þrjár vörður á ógrónum hryggjum sem liggja norður/suðurs. Nyrsta varðan stendur nyrst á klapparhrygg sem gengur norður/suður

Hólabak-23

Fvrnr.:10112

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 433921,93

N: 554287,35

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Rúmlega 1,5km suðvestur af bænum á Hólakoti standa þrjár vörður á ógrónum hryggjum sem liggja norður/suðurs. Nyrsta varðan stendur nyrst á klapparhrygg sem gengur norður/suður um 380m austur af Gljúfurá og um 20m suðsuðaustar er önnur varða nokkuð minni.

Lýsing

Varðan er 90x70sm að grunnmáli og um 40sm há. Tvær hleðsluraðir af grjóti. Nokkuð af grjóti er umhverfis sem hrúnið hefur úr vörðunni.



Mynd 29. Varða, horft til suðausturs og er önnur varða í baksýn.

Hólabak-24

Fvrnr.:10113

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 433966,80

N: 554266,73

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta



Mynd 30. Varða, horft er til ssa.

Staðhættir

Rúmlega 1,5km suðvestur af bænum á Hólakoti standa þrjár vörður á ógrónum hryggjum sem liggja norður/suðurs. Syðsta varðan er tæplega 50m suðaustur af vörðu nr. 23 [10112].

Lýsing

Varðan er fremur lág og lítilfjörleg og stendur efst á næstu klöpp að sunnan, en örlítið sund er á milli. Varðan er 1x1m að grunnmáli, hæð 60sm og hún er nokkuð hrunin.

Hólabak-25

Fvnr.:10114

Hlutverk: Kofi, skjól

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 434491,48

N: 554760,27

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Austan við Leitisás er þónokkur melhóll tæplega 850m suðvestur af bænum, afgangur í norðaustur/suðvestur og um 25x50m að ummáli.

Lýsing

Efst á hólum eru nokkrir jarðfastir stórir steinar og milli þriggja þeirra er hrunin hleðsla. Hugsanlega hefur þar verið hlaðið skjól fyrir smala. Um 120x70sm að ummáli og snýr norðaustur/suðvestur. Votlent þýfi er umhverfis hólinn.



Mynd 31. Kofi eða skjól hlaðið úr grjóti. Horft er til norðausturs.

Hólabak-26

Fvnr.:10115

Hlutverk: Heystæði?


Tegund: Hóll

Staðsetning: A: 434341,18

N: 555080,24

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta



Staðhættir

Tæplega 700m suðvestan við bæinn eru tveir fremur lágir grænir hólur austan í Leitisásnum. Á milli hólanna eru óljósar tóftaleifar. Hugsanlega lítil rétt og tvískipt tóft.

Lýsing

Syðri hóllinn er nær hringlaga og um 9m í þvermál, allþýfður. Engin veggjalög greinanleg en hóllinn er vel grænn og ber þess merki að einhverjar mannvistarleifar hafi verið á honum, hugsanlega heystæði?

Hólabak-27

Fvrnr.:10116

Hlutverk: Tóft, rétt?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434343,29 N: 555087,25

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Tæplega 700m suðvestan við bæinn eru tveir fremur lágir grænir hólur austan í

Leitisásnum. Á milli hólanna eru óljósar tóftaleifar. Hugsanlega lítil rétt og tvískipt tóft.

Lýsing

Áfast norðan við hólinn virðist vera lítið hólf eða rétt, veggir eru þó mjög þýfðir og óljósir en innan þeirra er nokkuð sléttur flötur um 2x3m að stærð. Tóftin liggur austur/vestur. Dyr/hlið gætu hafa verið inn í tóftina að norðaustan.

Hólabak-28

Fvrnr.:10117

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434344,81

N: 555091,65

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Tæplega 700m suðvestan við bæinn eru tveir fremur lágir grænir hólur austan í Leitisásnum. Á milli hólanna eru óljósar tóftaleifar. Hugsanlega lítil rétt og tvískipt tóft.

Lýsing

Norðan við tóftina eða réttina [27] er lítil tóft öllu gleggri. Hún er tvískipt og snýr austur/vestur. Stærri hólfið liggur austan þess smærra og er það 1,2x1,8m innanmáli. Dyr eru inn í stærri hólfið á austur skammvegg. Smærra hólfið vestan við er 70x70sm að innanmáli en dyr eru að sunnan. Hæð veggja er 40-50sm og breidd veggja er um 40-60sm.



Mynd 32. Nyrðri hóllinn til hægri á mynd og sá syðri til vinstri. Horft er til nnv.

Hólabak-29

Fvnr.:10118

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434346,21 N: 555096,13

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Tæplega 700m suðvestan við bæinn eru tveir fremur lágir grænir hólar austan í Leitisásnum. Tóftir eru á nyrðri hólum og einnig sunnan undir honum.

Lýsing

Nyrðri hóllinn er ögn aflangur frá norðri til suðurs. Einhver garðlög eru á honum og virðist vera lítil tóft syðst, um 4x1,5m að innanmáli, opin til suðurs. Breidd veggja er um 80-100sm, hæð veggja um 30-40sm. Þarna er þýft og tóftin óljós.

Hólabak-30

Fvnr.:10119

Hlutverk: Heystæði/Stekkur?

Tegund: Garðlög

Staðsetning: A: 434344,81 N: 555099,51

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Tæplega 700m suðvestan við bæinn eru tveir fremur lágir grænir hólar austan í Leitisásnum.

Lýsing

Norðari hóllinn er ögn aflangur frá norðri til suðurs. Efst á hólum er ferhyrndur þúfnakragi, 2x1,5m að innanmáli. Hugsanlega heystæði eða leifar af lambakró.

Hólabak-31

Fvnr.:10120

Hlutverk: Náma

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning: A: 434369,60

N: 555294,59

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi
Hólabaki

32



30m

Staðhættir

Mógrafir eru í jaðri mýrarinnar tæplega 550m vestnorðvestur af bænum.

Lýsing

Mógrafar svæðið er alls um 17x17m að ummáli en mógrafirnar eru ekki reglulegar að lögun og fylla ekki allt svæðið. Þær eru um 50-60sm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Móskurður hefur verið, brúkast ei“ (JÁM: bls. 255).

Heimildaskrá

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

Nr. 31



Hólabak-32

Fvnr.:10121

Hlutverk: Móþurrkun/geymsla

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434382,08 N: 555364,18

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Rúmlega 60m norður af mógröfunum, við norðurjarðar mýrarsundsins, á þurru ási, eru leifar lítillar mótóftar.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, veggjahæð 45sm og breidd 75sm. Innanmál er 1,5x1,7m.

Hólabak-33

Fvnr.:10122

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: A: 434334,75

N: 555344,55

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki



Staðhættir

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Alfaravegur liggur með Hópinu fyrir norðan Refsteinsstaði og Miðhóp, annar liggur hjá Enniskoti að Miðhópi. Litlu norðar koma þeir saman. Liggur sá vegur austur hjá Hólabaki, yfir svokallaða Hólabakskeldu [...]“ (SSH: bls. 65).

Lýsing

Gamli akvegurinn (póstleiðin) lá sunnan við túnið á Hólabaki til austurs að Vatnsdalshólum og til vesturs yfir mýrina (þar uppbyggður) og sjást

vegirnir glögglega enn í dag. Til vesturs sjást svo götur, fjár- eða reiðgötur og má vera að þar hafi reiðleiðin verið sem nefnd er í sóknarlýsingum.

Heimildaskrá

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

Hólabak-34

Fvrnr.: 10123

Sérheiti: Bjarmavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 433023,76 N: 554500,12

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Í örnefnaskrá frá 1975 segir: „[Vað]Hvammur í Gljúfurárgili rétt fyrir sunnan Úlfshrygg og norðan við brúna á Gljúfurá.[...] [Bjarma] Vað á Gljúfurá úr Vaðhvammi – gamli þjóðvegurinn skömmu neðar – Gljúfurárbrú“ (ÖS 1975: bls. 2). Í örnefnaskrá frá 1952 segir: „Bjarmavað, rétt neðan við brúna á Gljúfurá“ (ÖS 1952: bls. 1). Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Vanavað á henni [Gljúfurá] er á alfaravegi milli Hólabaks og Miðhóps“ (SSH: bls. 65).

Lýsing

Gamli þjóðvegurinn liggur ofan í gilið um 30m norðan við brúna á Gljúfurá. Þar var áður farið yfir í vaði. Vegurinn sést beggja megin árinna og var punktur tekinn af loftmynd.

Heimildaskrá

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

ÖS 1952: Örnefnaskrá Hólabaks. Björn Bergmann. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

ÖS 1975: Örnefnaskrá Hólabaks. Baldur Magnússon. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Hólabak-35

Sérheiti: Vörðuholt

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Í örnefnaskrá frá 1952 segir: „Vörðuholt, merkjahóll, nú sundurgrafinn af vegamönnum, rétt við veginn“ (ÖS 1952: bls. 1).

Lýsing

Vörðuholt var norðaustan við bæinn, nú horfið.

Heimildaskrá

ÖS 1952: Örnefnaskrá Hólabaks. Björn Bergmann. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Hólabak-36

Sérheiti: Einarsvörðuholt

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: Nákvæm staðsetning er óviss

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá frá 1952 segir: „Einarsvörðuholt, 3 holt suður af flóanum sunnan við bæinn“ (ÖS 1952: bls. 1). Í örnefnaskrá frá 1975 segir: „Stakt holt eða hólbunga í flóanum suðaustur af Grjótum. Um það eru landamerki Hólabaks að sunnan“ (ÖS 1975:bls. 3).

Lýsing

Einarsvörðuholt er það sama og kallast Einarsholt í örnefnaskrá Uppsala og er skráð þar. Áhöld eru um nákvæma staðsetningu Einars/Einarsvörðuholts.

Heimildaskrá

ÖS 1952: Örnefnaskrá Hólabaks. Björn Bergmann. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

ÖS 1975: Örnefnaskrá Hólabaks. Baldur Magnússon. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Hólabak-37

Sérheiti: Hólabakssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óskráð

Ástand: Ómetið

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Selstaða undir Víðidalsfjalli, þar sem heitir Hólabakssel“ (JÁM: bls. 255).

Lýsing

Hólabakssel var ekki skráð sumarið 2008 en verður skráð með öðrum seljum í Víðidalsfjalli.

Heimildaskrá

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

Hólabak-37

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Úttekt var gerð að Hólabaki 31. maí 1824 þar sem sagt er frá fjárhúsi:

„Húskofi vestur á túni yfir 12 kindur rosagnar. Nokkurn veginn viðaður, dyratré, einn dyrastafur og lítilfjörleg laus hurð fylgir en ei jötustokkur. Heytóftin er byggð í krók og er ei lagleg og varla brúkandi, svo hún þarf endurbótar við, og yfir höfuð er umgengnin og viðskilnaður á jörð þessari slett og ekki þrifaleg.“

Lýsing

Ekki er hægt að staðsetja húsið út frá lýsingu. Húsið gæti verið eitt af þeim sem merkt eru á túnakorti.

Heimildaskrá

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102. Óprentað handrið á Þjóðskjalasafni Íslands.

Hólabak-37

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Úr landamerkjaskrá Hólabaks: „Að sunnan milli Hólabaks og Umsvala ræður merkjum steinn, er stendur í svonefndum Votahvammi vestur við Gljúfurá, og frá honum beina línu austur yfir Umsvalaborgir í vörðu, sem hlaðin er á Einarsholti og frá henni sömu stefnu að Vatnsdalshólalandi; þá að austan norður með því um steininn í mýrinni fyrir vestan brúnina og Vörðuhól í steina tvo í Kýrlág, og frá þeim beint til norðurs í vörðu, sem er vestur undan Ranhólakoti, eða því sem næst, [...]“

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu 2008.

Heimildaskrá

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Svínavatn (1885), skjal nr. 16.

Hólabak-37

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Úr landamerkjaskrá Hólabaks: „Að sunnan milli Hólabaks og Umsvala ræður merkjum steinn, er stendur í svonefndum Votahvammi vestur við Gljúfurá, og frá honum beina línu austur yfir Umsvalaborgir í vörðu, sem hlaðin er á Einarsholti og frá henni sömu stefnu að Vatnsdalshólalandi; þá að austan norður með því um steininn í mýrinni fyrir vestan brúnina og Vörðuhól í steina tvo í kýrlág, og frá þeim beint til norðurs í vörðu, sem er vestur undan Ranhólakoti, eða því sem næst, og svo að norðan frá greindri vörðu meðfram Sveinsstaðalandi vestur í stein, sem stendur á ásnum norður undan Hólabaki, og beint vestur í grjótvörðu á Leitisás, sem er hornvarða Hagalands. Frá henni beint til annarrar vörðu, sem er suður undan Steinholtinu, og svo beint í mitt Landamerkjasyki, sem fellur í Hópið.“

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu 2008.

Heimildaskrá

Landamerkbók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Svínavatn (1885), skjal nr. 16.

Hólabak-37

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Úr landamerkjaskrá Hólabaks: „Að sunnan milli Hólabaks og Umsvala ræður merkjum steinn, er stendur í svonefndum Votahvammi vestur við Gljúfurá, og frá honum beina línu austur yfir Umsvalaborgir í vörðu, sem hlaðin er á Einarsholti og frá henni sömu stefnu að Vatnsdalshólalandi; þá að austan norður með því um steininn í mýrinni fyrir vestan brúnina og Vörðuhól í steina tvo í kýrlág, og frá þeim beint til norðurs í vörðu, sem er vestur undan Ranhólakoti, eða því sem næst, og svo að norðan frá greindri vörðu meðfram Sveinsstaðalandi vestur í stein, sem stendur á ásnum norður undan Hólabaki, og beint vestur í grjótvörðu á Leitisás, sem er hornvarða Hagalands. Frá henni beint til annarrar vörðu, sem er suður undan Steinholtinu, og svo beint í mitt Landamerkjasyki, sem fellur í Hópið.“

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu 2008.

Heimildaskrá

Landamerkbók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Svínavatn (1885), skjal nr. 16.

Hólabak – 38

Fvrnr.: 10302

Hlutverk: Beðasléttur



Mynd 33. Rákir sjást í túninu. Horft er til norðausturs.

túninu þó búið sé að slétta það.

Tegund: Rákir í túni

Staðsetning:

A: 435001,75

N: 555611,33

Ástand:

Nánast horfið

Hættumat: Hætta – minjar eru í túni

Heimildamaður:

Björn Magnússon, bóndi Hólabaki

Staðhættir

Leifar af beðasléttum sjást enn í gamla túninu að norðan og austan. Greinilegar rákir liggja samsíða í



Mynd 34. Beðasléttarnar í túni norður og austur af gamla bænum. Horft er til norðausturs. Myndin er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og er birt hér með leyfi þess. Ljósmynd: Bruno Schweizer.

Uppsálir



Mynd 1. Íbúðarhúsin á Uppsölum. Eldra húsið er til vinstri og var gamli bærinn nálega á sama stað. Yngra íbúðarhúsið sem búið er í í dag til til hægri.

Ágrip af sögu

Uppsala er fyrst getið í elsta hluta af Sigurðarregistri frá 1525 yfir eignir Þingeyrarklausturs. Jörðin var þá óbyggð.³⁵

„Bærinn stendur vestarlega á Vatnsdalshálsi beint vestur af Miðhúsum, en þar verður norð-vesturhluti hálsins hæstur, víðsýni mikið. Tún liggja út frá bænum og einnig vestur og fram á hálsinum. Beitiland í allar áttir frá bænum, fjölbreyttur hálsa- og mýrargróður.“³⁶

Jörðin er nefnd Uppsálir í elstu heimildum³⁷ en í *Jarðatali* Johnsen frá 1847 er hún nefnd Umsvalir. Nafngiftin virðist hafa breyst um 1700 og segir af því í Jarðabók: „Uppsaler. Það er nú fyrir nokkrum árum af vanvisku keskilátra manna kallað Ummsvaler“. Í örnefnaskrá Uppsala kemur það fram búið hafi verið að lögfesta nafnið Uppsálir árið 1890.³⁸

Jörðin var í eyði árið 1713. Landskuld átti að greiða í landaurum og kúgildin í smjöri. Helstu hlunnindi jarðarinnar var rífhús til eldiviðarneyslu og ljádengslu. Engjatak er á Breiðabólstaðar- og Miðhúsaengjum þar sem heita Uppsalateigar. Vatnsbólið var slæmt og kirkjuvegur „yfir máta langur“.³⁹

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849-50 var jörðin metin á 10 hundruð en fór í 9,1 árið 1848.⁴⁰: „Túnið mestpart þýft, fóðrar 1 ½ kú; slægjur mjög litlar, reitingslegar, mýrlendar, og heyslæmar, samt langsóktar, þær litlu sem gefast; sumarhagar í betra lagi, eptir sem gjöra er hjer í sveit,

³⁵ *DI IX*, 1909-1913. Bls. 314.

³⁶ *Húnaþing II*, 1987. Bls. 309.

³⁷ *Sigurðarregistri* frá 1525 og *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

³⁸ Halldór Jónsson skráði. *Örnefnaskrá Uppsala*, bls. 2.

³⁹ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 256.

⁴⁰ *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 91.

og þó einasta fyrir sauðfjenað, en mjög óhagfelldir fyrir stórgripi; vetrarþétt góð fyrir sauðfjenað og nóg, og nær lengi til hennar“ jörðin var virt á 270 ríkisdali.⁴¹

Árið 1865 hafði ábúandinn, á liðnu ári, sléttað 164 ferfaðma og hlaðið 22 faðma langan traðargarð og var að byggja hlandfor. Af túninu fengust 40-50 hestar. Voru engjar svo litlar og lélegar að stundum þurfti að kaupa að mestallan heyskap. Sumarþétt var tæplega í meðallagi en vetrarþétt ágæt. Í úttektinni segir: „Ekki virðist gott að bæta hér engi, þó mundi mega skera fram flóa þann sem hér er fyrir austan og hleypa svo á hann á eftir. En bæði yrði það kostnaðarsamt verk, ef til hlítar skyldi vera, og svo er ágreiningur um landamerki þessarar jarðar við Miðhúsa og Breiðabólstaðar ábúendur, einmitt á þeim parti sem líklegt er að ræktaður yrði til engja. Ábúandinn er nú umbeðinn að viðhafa reitasléttun á því sem hann kynnir að slétta hér eftir.“⁴²

Í lýsingu á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða frá 1881 segir að í byggingarbréfi ábúanda frá 1869 hafi árlegar jarðabætur verið ákveðnar 36 ferfaðmar í sléttu túni og þegar úttektin var gerð voru 200 ferfaðmar sléttaðir fram yfir það, „og eru þetta allt laglegar beðasléttur“, að auki hafði ábúandi hlaðið 50 faðma langan túngarð, úr grjóti að utanverðu en mest úr torfi að innan.⁴³

Árið 1916 er túnið sagt í miður góðri rækt, tæplega helmingi slétt en lítið stórbýft, þá girt gaddavírgirðingu og gefur um 80 hesta árlega. Engi er innan um bithaga, að mestu býft, ekki heygott en gefur um 100 hesta árlega. Vetrarþétt fyrir sauðfé góð, hrossahagar í meðallagi en kúahagar slæmir. Jörðin hefur framfleytt 1 kú, 80 fjár og 4 hrossum. Jörðin er metin á 1300kr.⁴⁴

Landamerki

„Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Umsvölum í Sveinsstaðahreppi

Að norðan úr stórum steini merktum L, í svo nefndum Votahvammi vestur undir Gljúfurá austur yfir Umsvalaborgir til vörðu á miðju Einarsholti; þaðan fram miðja Umsvalakeldu í keldudrag vestan undir Rjúpnáás á móts við vörðu á Umsvalaás, og er stór steinn eða klettur vestan og neðan í Rjúpnáásnum austan keldudragsins um það bil andspænis næst nefndri vörðu; að sunnan, frá þessari vörðu, þvert vestur yfir á sinn til Gljúfurár, en þá ræður merkjum að vestan til áður nefnds steins í Votahvammi.“

Skjalið er undirritað í Hvammi, 8. maí 1890 af B.G. Blöndal umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða.⁴⁵

⁴¹ Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 150. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

⁴² ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.


⁴³ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

⁴⁴ Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 39. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

⁴⁵ Landamerkjaskjal Austur-Húnavatnssýslu (1884) . Uppsafir (1890), skjal nr. 176.

Fornleifaskráning

Uppsafir-1



Fvnr.:10124

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning A: 434598,03 N: 553450,09

Ástand: Horfinnvegna bygginga

Heimildamaður: Birgir Ingþórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Kringum bæinn – en sambyggt honum er fjós og hlaða – liggur Gamla tún mjög lítið og vestur við túnmörkin eru önnur fænaðarhús“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var gamli bærinn nálega á sama stað og eldra íbúðarhúsið á Uppsölum en náði aðeins lengra til vesturs. Búið er að rífa hann og ekki sjást neinar minjar hans. Íbúðarhúsið (eldra) sem byggt var 1933 var byggt í þremur áföngum og var fyrsti áfangi þess byggður við gamla bæinn. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt jarðarinnar frá 15. maí 1830 var ástand húsa eins og segir:

„**Baðstofa**, 6 $\frac{3}{8}$ alin á lengd, 3 $\frac{3}{8}$ alin á breidd. Með 6 stöfum standandi á veggjarþrepum og vantar þar fyrir mikið til lengdarinnar. Með grönnum og auknum lausholtum – önnur brotin við norðurstafn austan til – þremur bitum, þremur sperrum, 3 $\frac{1}{2}$ kvartil á hæð af

miðjum bita undir samskeyti. Vegglægjuröftum auknum um miðju, einum brotnum. Í langband á hlið, vantar í norðara stafgólf að austanverðu. Aukin mænirtróða, raftviðar upprefti gisið og hálf fúíð. Miðstafurinn siginn niður að vestanverðu. Dyrastafir, dyratré, hurðarflak á járnum. Hliðveggir signir á stafina, sérdeilis á vesturhlið, þak brúkanlegt. Álag 45 álnir.“

Búr norðan til í göngunum: „Veggir nokkurn veginn stæðilegir að innan en mjög lágir, sjást ei að utan. Þak lélegt.“

Eldhús norðan til í göngunum fyrir framan búið: „Veggir ónýtir að utan og innan, þak slæmt.“

Göng frá baðstofu til útidyra: „Dyrastafir, dyratré og hurðarflak á járnum með keng og snerli í staf og tréloku. Göngin of mjó, sérdeilis að ofan. Veggirnir sumstaðar moldrunnir og þurfa bráðrar aðgjörðar.“

Fjós sunnan til í göngunum: „Veggir hússins víða mjög slæmir en bóndi Páll lofar að endurbæta það svo það standi forsvaranlegt, með hvað bóndi Guðmundur tjáist gjöra sig ánægðan, og gjörist því ekkert álag á það.“

Heytóft norðan undir bænum: „Veggirnir meinast stæðilegir að innan en lágir og lélegir að utan.“ (ÞÍ. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102).



Mynd 35. Gamli bærinn á Uppsölum 1936. Skemman er til vinstri en bæjardyrar til hægri og eru opnar. Baðstofan er þvert á bakvið og við hana er blómagarður sem er lengst til hægri á mynd (Úr Torfbæjum inn í tækniöld, 342). Myndin er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og er birt hér með leyfi þess. Ljósmynd: Bruno Schweizer.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Bruno Schweizer (2003). *Úr torfbæjum inn í tækniöld, III bindi*. Ritstjóri Magnús Kristinsson. Bókautgáfan Örn og Örlygur ehf: Reykjavík.

Uppsafir-2

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var matjurtagarður vestan við gamla bæinn, nú kominn undir tún. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

Uppsafir-3

Fvnr.:10125

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning A: 434598,03 N: 553450,09

Ástand: Horfið, vegna niðurrifs

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Kringum bæinn – en sambyggt honum er fjós og hlaða – liggur Gamla tún mjög lítið og vestur við túnmörkin eru önnur fénaðarhús“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var fjósið með hlöðu áfast við gamla bæinn að norðan. Fjósið var rífið og sést ekkert eftir af því. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-4

Fvnr.:10126

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434615,80 N: 553474,65

Ástand: Horfin, vegna sléttunar

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur heimreiðin legið til norðurs frá bænum (TK).

Lýsing

Að sögn heimildamanns hefur gamla heimreiðin að líkindum verið nálega á sama stað og hún er í dag, engin merki sjást um hana lengur. Punktur var tekinn af loftmynd.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Umsvala. Hannes Jónsson. 1919.

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-5**Fvnr.:**10127**Hlutverk:** Fjárhús, rétt og hesthús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 434523,83 N: 553371,05**Ástand:** Horfin, hefur verið sléttað**Heimildamaður:** Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti er útihús suðvestarlega í heimtúninu, vestur af bæ (TK).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni passar norður örin á túnakorti ekki við húsaskipan á Uppsölum og segir hann að hús þetta hafi verið suðvestan við bæinn. Útihús stóðu um 90m vestur af yngra íbúðarhúsinu á Uppsölum, fjárhús, rétt og hesthús. Húsin voru hlaðin úr torfi og grjóti, fjárhúsin nyrst, svo réttin og hesthúsið syðst. Húsin stóðu fram undir 1970. Fjárhúsin voru fyrir um 100 fjár, tvístæð hús með hlöðu. Húsin eru horfin en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Umsvala. Hannes Jónsson. 1919.

Uppsafir-6**Fvnr.:**10128**Hlutverk:** Hrútakofi**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A: 434514,96 N: 553465,81**Ástand:** Horfinn vegna túnasléttunar**Heimildamaður:** Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum**Staðhættir**

Á túnakorti má sjá útihús syðst í heimatúninu, fast við túnjaðarinn. Samkvæmt heimildamanni passar norður örin á túnakorti ekki við húsaskipan á Uppsölum en hann segir hús þetta hafa staðið vsv við bæinn.

Lýsing

Norður af nýlegu fjárhúsi, rúma 120m norðvestur af nýrra íbúðarhúsi á Uppsölum var hrútakofi sem mun hafa legið í vinkil. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns en kofinn er horfinn.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Umsvala. Hannes Jónsson. 1919.

Uppsafir-7**Hlutverk:** Útihús?**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** Óþekkt**Ástand:** Horfið vegna túnasléttunar**Heimildamaður:** Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur útihús verið norðvestur af túnmörkunum er útihús, beint norður af bænum.

Í örnefnaskrá segir: „Kringum bæinn – en sambyggt honum er fjós og hlaða – liggur Gamla tún mjög lítið og vestur við túnmörkin eru önnur fénaðarhús“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni passar norður örin á túnakorti ekki við húsaskipan á Uppsölum og samkvæmt honum mun hús þetta hafa verið austan við túnið en ekki kannaðist hann ekki við nein útihús þar.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Umsvala. Hannes Jónsson. 1919.

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-8

Fvnr.:10129

Hlutverk: Húsmannsbýli?

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434585,13 N: 553383,15

Ástand: Horfið vegna túnasléttunar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir og lýsing

Í túninu vestan við bílskúrinn á yngra íbúðarhúsinu voru samkvæmt heimildamanni gamlar tóftir sem nú eru horfnar, taldi hann að þar hafi verið húsmannsbýli eða bygging yfir vinnufólk fremur en útihús. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

Uppsafir-9

Fvnr.:10130

Sérheiti: Brunnur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434696,06 N: 553407,27

Ástand: Horfinn, búið er að fylla upp í brunninn sem nú er í sléttu túni

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Austur frá Gamla túni eru Brunnsléttur. Það nafn er dregið af hinu forna vatnsbóli býlisins, Brunni sem nú er aflagt með öllu“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Brunnur var um 90m suðaustur af gamla bænum, nú í sléttu túni. Samkvæmt heimildamanni var hann a.m.k. 2-2,5m djúpur, grjóthlaðinn að innan. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók Á. M og P. V. segir: „Vatnsból ilt, bregst oft sumar og vetur til stórskaða“ (JÁM: bls. 256).

Heimildaskrá

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-10



Mynd 36. Búið er að fylla í mógrafirnar en mór sést glögglega neðst í skurðinum. Horft er til asa.

liggur austur/vestur eftir stykkinu og er mólagið um 2ja metra djúpt í sniði skurðarins. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

Fvnr.:10131

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434771,07405 N: 553285,944969

Ástand: Horfið, sléttað hefur verið yfir

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildamanni voru mógrafir suðaustur af nýrra íbúðarhúsinu (um 150m). Fyllt var í grafirnar og sléttað yfir á árunum frá 1975-85. Mór sést á um 45m kafla í skurði sem

Uppsafir-11

Kennitala:

Sérheiti: Móholt

Hlutverk: Mópurrkun

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið vegna túnasléttunar

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norður af Rjúpnáas er votlendisflæmi allstórt, þar heitir Uppsalakelda, eru nærri henni miðri stórir steinar, Uppsalasteinar, stutt sunnan túns, austanhallt í ásnum er holt nokkurt, Móholt [...]“ (ÖS: bls. 2).

Lýsing

Móholtið var að sögn heimildamanns ofan við mógrafirnar eða í hásuður frá íbúðarhúsinu. Það er nú orðið að sléttuðu túni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „[...] Þar var þurkaður mór meðan nýttur var.“ (ÖS: bls. 2). Samkvæmt heimildamanni var mórinn nýttur frá fleiri jörðum heldur en Uppsölum.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-12

Fvnr.:10132

Sérheiti: Grænatóft

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434342,52 N: 553599,37

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Út og vestur frá bænum mótast fyrir fornri rúst Grænutóft. [...] Skammt norð- n. vestur frá Grænutóft eru nokkrar klettamyndanir og klappir, það eru Uppsálaborgir [...]“ (ÖS: bls. 1).

Um 330m norðvestur af nýrra íbúðarhúsinu á Uppsölum, í túnjaðri, eru tóftir sem nefndar eru Grænutóftir.

Lýsing

Tóftin af samstæðum fjárhúsum með hlöðu eða heytóft til vesturs og áfast sunnan við er hús sem líklega er tvískipt. Tóftin snýr nálega austur/vestur og eru dyr á öllum króm og snúa mót vestri. Nyrsta króin er 2,5x11m að innanmáli og er milliveggur til norðurs 1,8m á breidd. Þar sunnan við er 3-11m löng kró. Syðsta tóftin eða króin sem er tvískipt er 3x2m að innanmáli til vesturs en 2,5x3m að innanmáli til austurs. Hlaðan eða heytóftin er vestan við krærnar og er innangengt úr þeim báðum. Hún er tvískipt og er syðri hlutinn 2x1m að innanmáli en sá nyrðri 2x2m. Engir garðar eru í tóftinni. Hæð veggja er um 40-50sm og breidd veggja 100-150sm. Grjót sést á örfáum stöðum en annars virðist tóftin að mestu hafa verið hlaðin úr torfi.

Aðrar upplýsingar


Í örnefnaskrá segir: „Munnmæli, sem vart mun þó treystandi, telja þar hafa verið beitarhús frá Helgavatni“ (ÖS: bls. 1).

Athugasemdir

Þess ber að geta að norðvestan við tóftirnar er gróf hests og er umbúnaður hennar töluverður og minnir á tóft.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.



Uppsälir-13



Mynd 37. Steinninn Hákon, í steininum mun hafa verið bústaður huldufólks. Horft er til norðvesturs.

Fvrnr.:10133

Sérheiti: Hákon

Hlutverk: Átrúnaður

Tegund: Steinn

Staðsetning: A: 434794,10

N: 553888,49

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat:

Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt

suðvestur frá því [Einarsholti] er stór steinn sem nefnist Hákon“ (ÖS: bls. 1). Steinninn er rúma 500m nnv af bæjarhúsum á Uppsölum. Hann mun hafa verið bústaður huldufólks.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsälir-14

Fvnr.:10134

Sérheiti: Garðlaut

Hlutverk: Matjurtagarðar

Tegund: Garðlag


Staðsetning: A: 433987,84

N: 553332,86

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingþórsson, bóndi Uppsölum



Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Snertuspöl vestur frá Vegás sunnan og austan Ullarhvamms liggur löng laut austur í hálshallanum, kallast hún Garðlaut“ (ÖS: bls. 2).

Garðlaut er austur af Gljúfurá og um 5-600m vestur af bænum á Uppsölum, í lautinni er garðlag, matjurtagarður, sem snýr mót suðsuðvestri og austan hans er stekkjartóft.

Lýsing

Garðlag er umhverfis matjurtagarðinn og liggur nna/ssv en enginn veggur er til ssv. Það er alls um 44m langt og er veggjahæð um 60-90sm en breidd 40-50sm, það er algróið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir að þar hafi fyrrum verið matjurtagarður (ÖS: bls. 2).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsälir-15



Mynd 38. Tóft í Garðlaut, horft er til suðurs.

Fvnr.:10135

Sérheiti: Garðlaut

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 433996,51

N: 553323,44

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingþórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Snertuspöl vestur frá Vegás sunnan og austan Ullarhvamms liggur löng laut austur í hálshallanum, kallast hún Garðlaut“ (ÖS: bls. 2).

Garðlaut er austur af Gljúfurá og um 5-600m vestur af bænum á Uppsölum, þar eru leifar matjurtagarðs sem snýr mót suðsuðvestri og tóftar, að líkindum stekkjjar. Stekkurinn er við suðausturhorn matjurtagarðsins.

Lýsing

Tóftin er tví- eða þrískipt og byggð upp við stóran stein sem liggur í tóft þeirri sem líklega er réttin, 3,5x2m að innanmáli. Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og er líklega króin til suðausturs, 2x1,2m að innanmáli. Ofan eða norðan við krónna er lítil tóft eða skarð inn í vegginn. Hæð veggja er um 40-60sm og breidd um 60-90sm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir að þar hafi fyrrum verið matjurtagarður (ÖS: bls. 2).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-16

Sérheiti: Ullarhvamur

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Heimild

Ástand: Engir minjar sjást um þvottaaðstöðu í hvamminum

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Austan frá Uppsalaás vestur til Gljúfurár sem er merkjafljót milli Uppsala og Miðhóps hallar landi til árinna. Það svæði heitir Hallar, Votihvamur vestan í Höllum við Gljúfurá og Ullarhvamur snertuspöl sunnar með ánni“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Engir minjar sjást um þvottaaðstöðu í hvamminum sem við Gljúfurá rúma 700m vestur af bænum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „[...] þar var ull þvegin fyrr á dögum.“ (ÖS: bls. 1).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsafir-17

Fvnr.: 10136

Sérheiti: Smalhóll

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 434455,73

N: 551096,22

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat:


Engin fyrirsjáanleg hættu

Heimildamaður:

Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Milli Uppsalaáss sunnarlega og Gljúfurár, nær henni, er



strýtumyndaður hóll, Smalhóll“ (ÖS: bls. 1). Smalhóll er syðst og vestast í landi Uppsala, rétt norður af landamerkjum milli Uppsala og Hnjúka.

Lýsing

Gróin kofatóft er suður undir hólnum. Hún snýr austur/vestur, opin til vesturs. Breidd veggja er um 60sm og hæð um 45-50sm. Utanmál er um 3x2,5m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fullvíst má telja að þar hafi kvíaær verið setnar, meðan fært var frá.“ (ÖS: bls. 1).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsalar-18



Mynd 39. Fremst til hægri er kofatóftin og Smalhóllinn efst á mynd til vinstri. Horft er til nna.

Fvnr.:10137

Sérheiti: Smalhóll

Hlutverk: Varða?

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning: A: 434452,48

N: 551113,65

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Birgir Ingþórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir og lýsing

Efst á Smalhól er grjóthleðsla 1,5x1,5 að utanmáli og um 50sm há, líklega lítil smalavarða.

Uppsalar-19

Fvnr.:10138

Sérheiti: Vegás

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 434706,07

N: 551323,75

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanlega hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestarlega á Uppsalaás liggja hestaslóðir nokkrar, eftir löngu melholti, kallar þar Vegás [...]“ (ÖS: bls. 2).



Mynd 40. Vegás, horft er til nnv. Vegslóði liggur þar sem reiðgötur lágu áður, m.a. til Þingeyrarsels.

Lýsing

Reiðgötur sjást enn greinilega á um 1km kafla í Uppsalalandi. Þær liggja eftir Vegaásnum frá norðri til suðurs og á loftmynd má sjá greinilegt framhald þeirra suður og yfir í land Hnjúka.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „[...] og mun þar vera um að ræða fornar selgötur frá Þingeyrum, sem löngum höfðu selstöðu í Víðidalsfjalli. Þess má og geta að þarna liggur fjallrekstrarleið nokkurra bæja í Sveinsstaðahreppi“ (ÖS: bls. 2).

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsalir-20



Mynd 41. L er á steininum fyrir miðri mynd.

Fvnr.:10139

Hlutverk:

Landamerki

Tegund: Áletrun

Staðsetning: A:

435430,64

N: 551385,41

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: engin hætta

Heimildamaður:

Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir um landamerki: „Að norðan úr

stórum steini merktum L í svonefndum Votahvammi [...]“ (ÖS: bls. 2).

Lýsing

Enginn landamerkjasteinn er í Votahvammi og telur heimildamaður að þarna sé um misritun að ræða en við suðausturhornmerkin er stór steinn og í hann er merkt L.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsalir-21

Sérheiti: Einarsholt

Hlutverk: Landamerkjavarða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Birgir Ingbórsson, bóndi Uppsölum

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir um landamerki: „Að norðan úr stórum steini merktum L í svonefndum Votahvammi vestur undir Gljúfurá austur yfir Umsvalaborgir til vörðu á miðju Einarsholti [...]“ (ÖS: bls. 2).

Lýsing

Norðausturhornmerki milli Uppsala, Hólabaks og Vatnsdalshóla er um Einarsvörðuholt. Áhöld eru um nákvæma staðsetningu Einars/Einarsvörðuholts.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Uppsálir-22

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Staðhættir

Í úttekum Þingeyrarklaustursjarða segir: „Sáðgarður byggður af bónda Páli fyrir sunnan og austan túnið, sem meinast í óhentugum stað og því ónýtur og þarf að setjast annars staðar.“ (ÞÍ, skjal 102).

Lýsing

Garðurinn er horfinn og nákvæm staðsetning hans ekki þekkt.

Heimildaskrá

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.



Mynd 42. Fremst á mynd er gamla bæjarstæðið. Öxl 1 er fyrir miðri mynd og Öxl 2 neðar í brekkunni.

Ágrip af sögu

Axlar er fyrst getið í Sigurðarregistri frá 1525 með eignum Þingeyrarklausturs.⁴⁶ Öxl var eign Lauritz Gottrup 1713 og landsskuldin greidd honum með innlögðum fiski í kaupstað og fódri að virði 20 álum. Kúgildin voru greidd í smjöri til Þingeyraklaustursumboðsmanns. Kvaðir á jörðinni voru hestlán á Skaga og dagsverk á engjum. Hnausamenn áttu hagabæit og stekkjurstöðu í landi Axlar og Axlarmenn fengu að taka hrís í Meðalheimi „svo mikið sem ábúandi þyrfti til kolagjörðar og silungsveiði í Skriðutjörn“. Helstu hlunnindi voru góð torfstunga og reiðingsrista, mósukurður og silungsveiði í Brekkukvísl.⁴⁷

Öxl var í bændaeign 1847 og þar bjó einn leiguliði.⁴⁸ Öxl var skipt til helminga í Öxl I og Öxl II árið 1952.⁴⁹

Fornbýli

Í Jarðabók frá 1713 segir „Gullberustade þykjast einhverjir hafa heyrt nefnda í Axlarlandi. Enginn kann að segja hvar þeir skuli verið hafa og öngvar sjást þar girðingar, sem byggð votti. Ætla því aðrir það muni heita Gullbergsskriða, og það vita menn, hvar hún er, so sem önnur

⁴⁶ *DI IX*, 1909-1913. Bls. 314.

⁴⁷ *Jarðabók VIII*, 1926. Bls. 266.

⁴⁸ J. Johnsen, 1847. Bls. 233.

⁴⁹ *Húnaþing II*, 1987. Bls. 298.

grjótskriða úr fjalli“⁵⁰ (JÁM: bls. 266-67). Óvíst er að nokkurn tíma hafi verið byggð ból á Gullberustöðum en líkur eru taldar á að þar hafi getað verið hagahús eða stekkur.⁵¹

Náttúrufar og jarðabætur

„Túnið liggur mest norður frá bænum og upp í undirhlíðar fjallsins. Vestan vegar og mela eru engjar – áveita – en beitaland til fjalls og meðfram því (Balar). Jörðin er fornt býli og bændaeign lengi, munnmæli eru um hjáleiguna Gullberustaði í Axlarlandi. ... Beitaland [Axlar II] er sameiginlegt með Öxl og Axlarbæir eiga hluta af Sauðadal. Jörðin er nýbýli byggð úr Axlarlandi - helmingur – árið 1952 af núverandi ábúendum“.⁵²

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin á 16 hundruð. „Túnið var allt þýft, og mikið votlent, en partur af því er nú nýsljettaður, og grafnir skurðir í og kringum túnið að miklu leyti, túnið fremur grasgefið, einkum á því nýsljettaða, en allt töðuljett; fôðrar 3 kýr, slægjur votlendar en greiðfærar, erfiðar vegna heimflutnings yfir 2 langar brýr, sem árlega þarf að endurbæta, ekki að kalla grasgóðar eða grasgefnar, eru og fyrir neðan brattlendi og því líka erfitt upp eptir með heyið; sumarhagar fremur litlir og ljettir en nærfærir fyrir búsmala, vetrararbeit lítil en seig, einkum fyrir hross. Hættur miklar fyrri hross og fjenað, vetur, vor og haust, og er það aðal ókostur jarðarinnar, og hann alþekktur“ virt á 480 ríkisdali.⁵³

Árið 1916 er túnið talið 10 dagsláttur, er í ágætri rækt og grasgefið að meiri hluta slétt, afgirt ásamt mýrarstykki með skurði og vírstreng. Talið gefa um 210 hesta árlega. Engjar eru sagðar grasgefnar, votlendar og samfelldar og vatni veitt á þær, hafa gefið af sér um 500 hesta af kraftmiklu heyi sem að hluta er óholtt. Beitaland gott að sumri fyrir kýr og hross og góð vetrararbeit er fyrir hross. Jörðin var þá metin á 5300kr.⁵⁴

Landamerki

„Landamerkjaskrá fyrir Öxl í Sveinsstaðahreppi.

Að sunnan úr syðsta heygarði á Slíubakka austan Árfars beina stefnu í Marksteins á Axlarböllum og Kerlingu á Axlarhjalla, og þá sömu línu til háfjallsins. Að norðan ræður Grásteinn niður undir Axlar- eða Brekkukvísl, og frá honum út og upp í vörðu vestan við svonefnt Tjarnstæði, fyrir sunnan Brekkukotsmel; frá þessari vörðu beint í stein upp á mýrunum, merktan S, og frá honum í vörðu á hjallabruninni, og þaðan upp á há öxlina. Að austan eru merki hjá fjallið, en að vestan mitt Árfar og Axlarkvísl.“

Skjalið er undirritað á Öxl, 27. maí 1889.⁵⁵

⁵⁰ Jarðabók VIII, 1926. Bls. 266.

⁵¹ Húnaþing II, 1987. Bls. 292, 297-98.


⁵² Húnaþing II, 1987. Bls. 292, 297-98.

⁵³ Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 146. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

⁵⁴ Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 29. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

⁵⁵ Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Öxl, skjal nr. 97.

Fornleifaskráning



Öxl-1

Fvnr.: 10141

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 438361,91 N: 559533,27

Ástand: Horfinn, vegna sléttunar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta. Þótt öll merki séu horfin af yfirborði kunna fornleifar hinsvegar að leynast neðanjarðar

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti hefur gamli bærinn staðið fyrir miðju heimatúni. Hann mun hafa staðið tæplega 50m norðan við íbúðarhúsið á Öxl 1.

Lýsing

Búið er að slétta úr rústum gamla bæjarins á Öxl, þó sést móta fyrir köntum þar sem hann hefur staðið í brekkunni ofan við íbúðarhúsið á Öxl 1. Búið var í bænum til 1950 og stóð hann uppi eitthvað fram yfir það.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Axlar. Hannes Jónsson. 1919.

Öxl-2

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið vegna fyllingar

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var hlaðinn brunnur við bæinn sem búið er að fylla upp í.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Vatnsból ilt, bregst sumar og vetur og þá ilt að afla vatns“ (JÁM: bls. 257).

Heimildaskrá

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

Öxl-3

Fvnr.: 10142

Hlutverk: Lambhús


Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 438422,99 N: 559487,31

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1



Staðhættir

Útihús er suðaustan við bæ (TK). Í örnefnaskrá segir: „Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús gripahús í túninu“ (ÖS: bls. 1). Um 110m suðaustur af íbúðarhúsinu, í jaðri gamla túnsins eru tóftir útihúsa sem voru lambhús samkvæmt heimildamanni.



Lýsing

Húsin er að mestu horfin en enn sér móta fyrir grunni þeirra, fjárhús með fjórum króm, dyr snúa mót vestri þar sem að líkindum hefur verið tréþil, hlaða er til austurs. Austurveggur er hvað greinilegastur um 30sm á hæð þar sem hann er hæstur. Veggir eru um 1,5m á breidd. Tóftirnar eru algrónar dökkgrænu grasi. Ekki sér í grjóti í tóftinni nema í stóran stein í suðaustur horni hennar. Aðalfjárhúsin voru uppistandandi fram um 1980 en hin útihúsin fallin fyrir það.



Heimildaskrá

TK: Túnakort Axlar. Hannes Jónsson. 1919.

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-4

Fvnr.: 10143

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 438511,70 N: 559555,08

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1



Mynd 43. Aðalfjánhúsin á Öxl. Fjánhús með görðum. Axlarbæirnir í baksýn.

Staðhættir: Tvenn útihús eru beint austur af bæ, þ.e. austast við heimatúnjaðarinn. Annað þeirra er norðar en hitt. Í örnefnaskrá (bls. 1) segir: „Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús gripahús í túninu“ Aðalfjánhúsin voru nyrst í túni, tæplega 200m norður af íbúðarhúsinu á Öxl 1.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður með dyr til vesturs. Fjögur sambyggð garðahús með tvískiptri hlöðu til austurs. Syðsta húsið er með 1,5m breiðum króm, 5m löngum og hlöðnum garða á milli um 1,2m breiðum og 40-50sm háum. Suðurveggur að mestu horfinn en þó sér móta fyrir honum. Líklega innangengt af garðanum inní heytóftina eða hlöðuna bak við, það er þó fremur óljóst. Næsta hús norðan við er með um 1m breiðar krær um 6,5m langar. Grjóthlaðinn garði í miðju um 1,3-1,4m breiður og 30-40sm hár. Greinilegar dyr eru fyrir enda hans út til vesturs og inní stóru heytóftina/hlöðuna eftir garðanum til austurs. Milliveggur að sunnan 1,5m breiður, 60sm hár. Milliveggur til norðurs 1,8m breiður og 60-70sm hár. Þriðja húsið í röðinni er með um 1,2m breiðar krær og um 7m langar. Steinsteypur garði í miðju 110sm breiður, platan öll brotin. Hæð um 50-60sm. Milliveggur að norðan 120sm breiður og 80-90sm hár. Nyrsta húsið er með um 120-130sm breiðar krær og um 8m langar. Steypt plata er á grjóthlöðnum garða í miðju, um 90sm breið, garðinn sjálfur um 60sm hár. Útveggur að norðan er nær algerlega horfinn, en ekki virðist hafa verið hlaðið fyrir stafninn til vesturs, þar hefur líklega verið þilstafn og tvennar dyr, inní hvora kró. Hins vegar hefur verið opið inní heytóftina eða innangengt af garðanum. Heytóftin eða hlaðan austan við fjárhúsin er tvískipt, norðar hlutinn 12x2m og innangengt úr honum í þrjú nyrstu húsin. Suður hluti heytóftarinn er 3x2m og líklega innangengt úr honum inní syðstu húsin þótt það sé fremur óljóst. Grjóthlaðinn veggur skilur tóftina í tvennt. Hæð veggjar er 30sm og breidd um 60sm. Veggur heytóftarinnar að austan er um tveggja metra breiður í grunninn og um 1m hár frá gólfi þar sem hann er hæstur. Fjánhúsin eru öll vel gróin, en grjóthleðslur sjást þó greinilega í öllum veggjum og görðum, nema í útveggjum nyrst og syðst og í heytóftinni. Heytóftin virðist hlaðin nær eingöngu úr torfi. Timbur og bárujárn sést í tóftinni á stöku stað. Fjánhúsin voru uppistandandi fram um 1980 en hin útihúsin fallin fyrir það.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að um sé að ræða svokölluð Sauðhús eða Ærhús sem nefnd eru í örnefnaskrá.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Axlar. Hannes Jónsson. 1919.

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-5

Fvnrnr.: 10144

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 438498,61 N:
559480,04

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl
1



Staðhættir

Tvenn útihús eru beint austur af bæ, þ.e. austast við heimatúnjaðarinn. Annað þeirra er sunnar en hitt. Í örnefnaskrá segir: „Lambhús, Sauðhús, Ærhús, Hesthús gripahús í túninu“ (ÖS: bls. 1). Fjárhús stóðu efst í gamla túninu, fast við túngarðinn tæplega 190m austsuðaustur af íbúðarhúsinu á Öxl I. Lækur liggur meðfram húsunum að austan (ofan) og skiptist þar og rennur annar norður fyrir og hinn suður fyrir.

Lýsing

Húsin virðast hafa verið fjórskipt, fjárhús með tveimur króm og garða til suðurs en tvær einhölukrær til norðurs. Hlaða eða heytóft er til austurs. Tóftin snýr norður/suður með dyr mót austri. Norður útveggur er mjög hruninn og einnig er nyrsta tóftin fremur óljós og er full, líklega af efni úr þakinu. Húsin hafa verið hlaðið úr torfi og grjóti. Tóftin er algróin og gras dökkgrænt að lit en sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum í veggjum og garðinn er grjóthlaðinn. Í syðsta húsinu er hæð veggja um 50-60sm. Garðinn er 50sm hár og um 1m á breidd. Króin er um 1,5sm á breidd og 7 metra löng. Það sér í grjóthleðslur í suður langvegg og garða og standa þær ágætlega. Norðan við er einhölukró 1,5x7m að innanmáli. Hæð veggja er um 50-60sm til suðurs en 40-50m til norðurs. Grjóthleðslur sjást í báðum langveggjum en eru stæðilegri til suðurs. Nyrsta húsið sem er fremur óljóst virðist um 2x7m að innanmáli. Norður útveggur sem er mjög hruninn er um 3m á breidd. Hvergi sér í grjót í nyrstu húsum nema við dyrnar. Hlaðan er um 2x9m að innanmáli. Ekki sést hvort innangengt hefur verið yfir í fjárhúsin. Hæð veggja er um 20sm til vesturs en 40-50sm til austurs. Breidd veggja er um 150sm. Aðalfjárhúsin voru uppistandandi fram um 1980 en hin útihúsin fallin fyrir það.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að um sé að ræða svokölluð Sauðhús eða Ærhús sem nefnd eru í örnefnaskrá.

Heimildaskrá

TK: Túnakort Axlar. Hannes Jónsson. 1919.

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-6

Fvnrnr.: 10145

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 438500,94

N: 559426,82

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Túngarður liggur frá norðaustri til suðvesturs sunnan fjárhúsanna [nr. 3 og 5] efst í gamla túninu, alls um 135m langur.

Lýsing

Hann er um 100-120sm á breidd og um 60-90sm á hæð. Um það bil fyrir miðja vegu garðsins liggja garðlög út frá honum til norðurs og virðist sem þar hafi verið tekið efni, líklega torf.



Mynd 44. Túngarðurinn á Öxl. Horft er til suðvesturs.

Öxl-7

Fvrnr.: 10146

Hlutverk: Torftaka

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: 438466,32 N: 559415,76

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Túngarður er greinilegur á kafla sunnan fjárhúsanna efst í gamla túninu og norðan hans er niðurgröftur og virðist hafa verið tekið efni þar, líklega torf.

Lýsing

Svæðið er niðurgrafið og er um 20x20m á kant.

Öxl-8

Fvrnr.: 10147

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 438249,72 N: 559597,18

Ástand: Horfnar vegna túnasléttunar

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni voru beðasléttur í túninu vestan við íbúðarhúsið á Öxl 1, nú í sléttu túni.

Aðrar upplýsingar

Túnið mun hafa verið sléttað um miðja 19. öld. „Túnið var allt þýft, og mikið votlent, en partur af því er nú nýsljettaður, og grafnir skurðir í og kringum túnið að miklu leyti, túnið fremur grasgefið, einkum á því nýsljettaða [...] (JH)“.

Heimildaskrá

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 146. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

Öxl-9

Fvnr.: 10148

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning: A: 438216,67 N: 559628,99

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni voru beðasléttur í túninu vestan við íbúðarhúsið á Öxl 1, nú í sléttu túni. Tvær samsíða rákir eru í túninu vestan við íbúðarhúsið. Þar munu hafa verið handgravnir skurði samkvæmt heimildamanni. Búið er að slétta túnið en jörð sígur þar sem skurðirnir voru.

Aðrar upplýsingar

Túnið mun hafa verið sléttað um miðja 19. öld. „Túnið var allt þýft, og mikið votlent, en partur af því er nú nýsljettaður, og gravnir skurðir í og kringum túnið að miklu leyti, túnið fremur grasgefið, einkum á því nýsljettaða [...] (JH)“.

Heimildaskrá

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 146. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

Öxl-10

Sérheiti: Gullberastaðir (Gullbergsskriða)

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við vettvangsskráningu 2008

Staðhættir:

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Gullberustade þykjast einhverjir hafa heyrt nefnda í Axlarlandi. Enginn kann að segja hvar þeir skuli verið hafa og öngvar sjást þar girðingar, sem byggð votti. Ætla því aðrir það muni heita Gullbergsskriða, og það vita menn, hvar hún er, so sem önnur grjótskriða úr fjalli“ (JÁM: bls. 266-67). Í viðb. og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Jarðabók Á. M og P. V. getur munnmæla um eyðibýli í Axlarlandi. Það er óstaðsett, en gæti verið sunnarlega í landinu við undirhlíðar fjallsins; verður þó ekki fullyrt um það. Það kallaðist Gullberastaðir“ (ÖS VA: bls. 2). Í Húnaþingi II segir: „Óvíst er, hvort byggð ból hafa nokkurn tíman verið á Steinholti og Gullberastöðum, gátu verið hagahús eða stekkir“ (HP II: bls. 292).

Aðrar upplýsingar

Fannst ekki við skráningu nema ef vera skyldu óljósar leifar syðst í túni Axlar I [nr 11].

Heimildaskrá:

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Viðbætur og athugasemdir. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

HP II: Húnaþing II. Halldór Jónsson. 1978. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga o.fl.

Öxl-11

Fvnr.: 10149

Sérheiti: Gullberustaðir?

Hlutverk: Óþekkt, útihús?

Tegund: Tóft og garðlög

Staðsetning: A: 438292,48 N: 558888,08

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta


Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir:

Syðst í syðsta túninu (í landi Axlar II) eru tóftir, um 630m í hásuður frá Öxl I.

Lýsing

Ábúendur á Öxl töldu hugsanlega að þar væri um að ræða fornbylið Gullberustaði sem nefndir eru í Jarðabók Árna og Páls. Ekki reyndist unnt, sökum mikils gróðurs, að greina um hverskonar minjar er að ræða. Tóftasvæðið er um 15x20m þar sem greinilega mótast fyrir veggjalögum en hugsanlega eru einhverjar tóftir þar utan við sem ekki fundust í gróðrinum. Það er mat skrásetjara að þær tóftir sem fundust séu ekki mjög gamlar en ómögulegt er að segja hvort eitthvað eldra sé umhverfis eða undir þeim. Veggurinn sem er hvað greinilegastur liggur syðst, 50sm hár og mest um 2m á breidd og 10m langur. Norðar er annar veggur u.þ.b 130sm breiður og um 20-50sm hár. Grjót sést á nokkrum stöðum í veggjum. Nyrst er tóft, 7,5x5m að utanmáli. Dyr snúa mót austri og sér í grjót í veggendum þar. Hæð mest um 50sm. Garðlag liggur til suðurs í átt frá tóftinni og nær það að skurði sem er sunnan túnsins. Það er alls um 17m langt, þýft og frekar illa farið, um 30sm hátt.



Öxl-12

Fvnr.: 10150

Hlutverk: Rétt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 438481,76

N: 558902,34


Ástand: Gott, veggir standa ágætlega

Hættumat: Hætta, tóftin er á deiliskipulagssvæði fyrir sumarhúsabyggð

Heimildamaður: Svavar Eyjólfsson eigandi Axlar 2

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur, rétt norðan við Flathól“ (ÖS:



bls. 2). Tæplega 650m suður (og eilítið til austurs) af íbúðarhúsinu á Öxl 1 er tóft réttar eða stekkjjar.

Lýsing

Tóftin stendur á lágum hól norður af Flathóli. Aflöng tvískipt tóft sem liggur nálega austur/vestur. Vestara hólfið er stærra eða um 5x10m að innanmáli og virðist vera í suðvestur horni um 180sm breitt. Veggja hæð er 30-40sm. Breidd er um 1m. Austari hlutinn stendur lítið eitt hærra, 4x5m og hugsanlega hlið út til suðurs í suðvestur horni. Breidd veggja er 1m og hæð um 30-40sm. Nokkuð heillegir veggir í allri tóftinni, algrónir. Hlið snýr mót vestri á stærra hólfinu og hugsanlega er annað til suðurs á minna hólfinu. Fjárgata liggur í gegnum tóftina.

Aðrar upplýsingar: Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Hagabeit leyfir ábúandi Hnausamönnum, fyrir bón lögmannsins, og stekkjjarstöðu í landi því, sem hann eignar Öxl“ (JÁM: bls. 257). Óvíst er hvar stekkjjarstaða þessi mun hafa verið en stekkir eru á tveimur stöðum í landi Axlar.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

Öxl-13

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki við skráningu 2008

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur, rétt sunnan við túnið, gamalt tóftarbot.“ (ÖS: bls. 1)

Lýsing

Ekki kannast heimildamaður við stekk þennan og óvíst er hvort eigi við stekkin sem sagður er norðan við Flathól, en í dag ná tún á Öxl nærri suður að Flathól. Ef átt er við gamla túnið í örnefnaskrá gæti stekkurinn verið kominn undir tún.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-14

Fvrnr.: 10151

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 438487,15 N: 558886,15

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Hætta, tóftin er á deiliskipulagssvæði fyrir sumarhúsabyggð

Heimildamaður:

Svavar Eyjólfsson eigandi Axlar 2

Staðhættir

Um 650m suður (og eilítið til austurs) af íbúðarhúsinu á Öxl 1 er tóft réttar eða stekkjjar [nr. 12]. Um 20m sunnan við þar sem hóllinn er hæstur er einföld tóft.

Lýsing

Tóftin liggur nálega norður/suður, 2x4m að innanmáli. Tóftin er öll gróin en veggir óljósir á köflum vegna gamals hruns eða rofs. Ópið er útúr tóftinni fyrir miðjum langvegg að vestan um 120sm breitt op og því líklegt að þar hafi verið hlið eða dyr. Út frá suðvestur horni eru þúfur sem ganga til vesturs og gæti verið illa farnar veggja leifar en það er óljóst.

Öxl-15

Fvrnr.: 10152

Hlutverk: Óþekkt, byrgi?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 438488,31 N: 558878,44

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Hætta, tóftin er á deiliskipulagssvæði fyrir sumarhúsabyggð

Heimildamaður: Svavar Eyjólfsson eigandi Axlar 2

Staðhættir

Um 2-3m sunnan við áðurnefnda tóft (sjá nr. 14) er aflöng hleðsla úr torfi og grjóti með lægð í miðjunni.

Lýsing

Hleðslan liggur norðaustur/suðvestur, hugsanlega smalabyrgi. Það er 2x3m að utanmáli, hæð veggja 10-40sm og líklega dyr til suðvesturs.

Öxl-16

Fvrnr.: 10153

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 438396,95 N: 558789,78


Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Hætta, tóftin er á deiliskipulagssvæði fyrir sumarhúsabyggð

Heimildamaður: Svavar Eyjólfsson eigandi Axlar 2



Mynd 45. Leifar grjóthlaðinnar réttar. Horft er til vesturs.



Staðhættir

Suður af syðstu túnum, rúmlega 730m suður af íbúðarhúsinu Öxl 1, í landi Axlar 2 eru leifar grjóthlaðinnar réttar. Hún er mjög illa farin og mjög hrugin. Þar sem veggjabreidd er greinanleg er hún um 100-110sm. Hvergi stendur meira en tvöföld röð af grjóti í vegg og eru

þeir um 40sm þar sem þeir eru hæstir. Innanmál er 5x16m og grjóthrun á nokkrum stöðum að utan og innan.

Öxl-17

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Axlarbalar, þar sem vegurinn liggur hæst fyrir sunnan og neðan öxl.“ (ÖS: bls. 1). Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Liggur sá vegur austur hjá Hólabaki, yfir svonefnda Hólabakskeldu, í gegnum Vatnsdalshóla, yfir um Vatnsdalsá á Skriðuvaði og út hjá Öxl, (um) svokallaða Axlarbala og út að Giljá [...]“. (SSH: bls. 68)

Lýsing


Þjóðvegurinn liggur um Axlarbala og hefur áður legið eilítið hærra en núverandi vegur. Reiðgötur voru ekki sjáanlegar og gætu verið komnar undir veg.

Heimildaskrá

SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-18



Fvnr.: 10154

Sérheiti: Fornastekkjarlaut

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 437988,10

N: 558878,26

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fornastekkjarlaut, norðan og ofan við Álatjörn“ (ÖS: bls. 1). Neðarlega í gili sem er neðan þjóðvegur, sunnarlega í Axlarlandi, rúmlega 700m suðvestur af bæjarstæðinu á Öxl 1 er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr austur/vestur.

Lambakró er til austurs, 4x2m að innanmáli. Milliveggur er 1m á breidd. Réttin, til vesturs, er 7,5x4m að innanmáli, hæð veggja er 20-60sm og breidd 1-1,1m. Stórgrýti neðst að suðvestan og grjót sést á stöku stað í vegghleðslum sem annars eru algrónir.

Aðrar upplýsingar: Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir: „Hagabeit leyfir ábúandi Hnausamönnum, fyrir bón lögmannsins, og stekkjaraðstöðu í landi því, sem hann eignar Öxl“ (JÁM: bls. 257). Óvíst er hvar stekkjaraðstöða þessi mun hafa verið en stekkir eru á tveimur stöðum í landi Axlar [sjá nr. 12].

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. XIII.

Öxl-19

Fvnr.: 10155

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 437957,29 N: 558910,61

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætt

Staðhættir

Sunnarlega í Axlarlandi, rúmlega 700m suðvestur af bæjarstæðinu á Öxl 1 er stekkjartóft [nr. 18] og á hrygg tæplega 40m norðan við hana er lítil kofatóft.

Lýsing

Tóftin er 1x1m að innanmáli, opin til vesturs. Hæð veggja er 10-20sm og breidd þeirra 30-50sm. Hún er gróin.

Öxl-20

Fvnr.: 10156

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: 437964,75 N: 558916,21

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætt

Staðhættir og lýsing

Sunnarlega í Axlarlandi, rúmlega 700m suðvestur af bæjarstæðinu á Öxl 1 er stekkjartóft og á hrygg tæplega 40m norðan við hana er lítil kofatóft. Um 4m utar og ofar er niðurgröftur inni hliðina 2x1,5m að innanmáli og 40sm djúpur undan brekkunni.

Öxl-21

Fvnr.: 10157

Sérheiti: Litli-Heygarður

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 437772,66 N: 558515,12

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar


Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætt

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Háibakki, engjastykki ofan við Axlarkvísl. Slýjabakki, sunnan við Háabakka. Litli-Heygarður, á miðjum Slýjabakka. Stóri-Heygarður, suður við merkin milli Axlar og Bjarnastaða“ (ÖS: bls. 1). Rúmlega 1,1km ssv af Öxl 1, við suður landamerki Axlar eru Litli- og Stóri- Heygarður og liggur þurr þúfnahryggur í hlykkjum á milli garðanna. Litli-Heygarður er norðar.

Lýsing

Heygarðurinn stendur á þurru þúfna rinda. Erfitt



að greina garðlög þó er þarna smá sléttur blettur með þúfnakraga umhverfis, um 5x7m að utanmáli.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-22

Fvnr.: 10158

Sérheiti: Stóri-Heygarður

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 437803,60

N: 558441,40

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirjáanleg hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Háibakki, engjastykki ofan við Axlarkvísl. Slýjabakki, sunnan við Háabakka. Litli-Heygarður, á miðjum Slýjabakka.



Mynd 46. Stóri-Heygarður. Horft er til suðurs.

Stóri-Heygarður, suður við merkin milli Axlar og Bjarnastaða“ (ÖS: bls. 1). Rúmlega 1,1km ssv af Öxl 1, við suður landamerki Axlar er Stóri- Heygarður.

Lýsing

Stóri-Heygarður stendur á lágum hól og er meiri um sig en Litli-Heygarður. Veggir eru mikið rofnir um 40sm háir að innan og um 60-100sm breiðir. Innanmál er u.þ.b. 3x4m. Greinilegt er að tekið torf hefur verið tekið suðvestan við hólninn.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-23

Fvnr.: 10159

Sérheiti: Langiskurður

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning: A: 437598,87 N: 559900,66

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirjáanleg hætta

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Langiskurður, gamall skurður neðan við Forirnar“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing


Samkvæmt heimildamanni er handgrafinn skurður í Litlu-Giljárparti sem nú er í eigu Axlar II. Skurðurinn er alls um 685m langur. Punktur var tekinn af loftmynd.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-24

Öxl
Axlarpatur



Fvnrnr.: 10160

Sérheiti: Lágagarðsengi

Hlutverk: Áveitugarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning:

A: 437562,00 N:
559275,54

Ástand:

Vel greinanlegar forn-
leifar

Hættumat:

Hætta, nálægð við vatns-
fall

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir:

„Lágagarðsengi, engjastykki vestan við Axlarkvísl“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Garðurinn sést á alls um 670m kafla og liggur á kvíslarbakkanum að norðan. Hann nær frá Lágagarðsengi yfir í Axlarpatur. Hann er um 90-120sm breiddur og víðast 30-40sm hár.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-25

Fvnrnr.: 10161

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Garðlag, tóftaþyrping

Staðsetning: A: 437663,97 N: 559406,70

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Í miðjum Axlar-parti um 650m vsv af Öxl 1 er smá hóll eða upphækkun og á henni garðlög, leifar heystæða. Tvær heytóftir eru á miðjum hólum. Hæð veggja í vestari tóftinni er 60-80sm og breidd 1-1,5m. Í austari tóftinni er hæð veggja lægri eða um 40-50sm og breidd 60-100sm. Sunnan tóftanna er útflatt þýft garðlag, 30sm að hæð og 1,5m að breidd. Nyrst á hólum eru tvö garðlög, hið vestra er um 20sm á hæð og 50-100sm á breidd. Austar er þýft garðlag, með 20sm háum veggjum og 1-1,5m breiðum.

Öxl-26

Fvnrnr.: 10162

Sérheiti: Axlargarður

Hlutverk: Ræsi, leið

Tegund: Ræsi

Staðsetning: A: 437791,47 N: 559565,31

Ástand: Er í notkun

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Axlargarður, garður með ræsi yfir Axlarkvísl beint fyrir neðan Öxl“ (ÖS: bls. 1).

Lýsing

Ræsi er á kvíslinni neðan við Öxl sem enn er í notkun. Ræsið er steipt í dag en áður var þar tréstockur sem hrundi saman fyrir um 20 árum og flæddi þá um allt. Aldur er óviss en heimildamaður taldi að þarna hefði veri gömul leið yfir kvíslina.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin á 16 hundruð. „Túnið var allt þýft, og mikið votlent, en partur af því er nú nýsljettaður, og grafnir skurðir í og kringum túnið að miklu leyti, túnið fremur grasgefið, einkum á því nýsljettaða, en allt töðuljett; fôðrar 3 kýr, slægjur votlendar en greiðfærar, erfiðar vegna heimflutnings yfir 2 langar brýr, sem árlega þarf að endurbæta, ekki að kalla grasgóðar eða grasgefnar, eru og fyrir neðan brattlendi og því líka erfitt upp eptir með heyið; sumarhagar fremur litlir og ljettir en nærfærir fyrir búsmala, vetrarheit lítil en seig, einkum fyrir hross.“ **Heimildaskrá**

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 146. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga

Öxl-27

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Að sunnan úr syðsta heygarði á Slíubakka austan Árfars beina stefnu í Marksteins á Axlarböllum og Kerlingu á Axlarhjalla, og þá sömu línu til háfjallsins. Að norðan ræður Grásteinn niður undir Axlar- eða Brekkukvísl, og frá honum út og upp í vörðu vestan við svonefnt Tjarnstæði, fyrir sunnan Brekkukotsmel; frá þessari vörðu beint í stein upp á mýrunum, merktan S, og frá honum í vörðu á hjallabruninni, og þaðan upp á há öxlina. Að austan eru merki hjá fjallið, en að vestan mitt Árfar og Axlarkvísl.“

Lýsing

Ekki þekkti heimildamaður til þess að vörður væru í Axlarlandi og engin varða fannst við skráningu sumarið 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Viðbætur og athugasemdir. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun

Öxl-28

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Að sunnan úr syðsta heygarði á Slíubakka austan Árfars beina stefnu í Marksteins á Axlarbölum og Kerlingu á Axlarhjalla, og þá sömu línu til háfjallsins. Að norðan ræður Grásteinn niður undir Axlar- eða Brekkukvísl, og frá honum út og upp í vörðu vestan við svonefnt Tjarnstæði, fyrir sunnan Brekkukotsmel; frá þessari vörðu beint í stein upp á mýrunum, merktan S, og frá honum í vörðu á hjallabruninni, og þaðan upp á há öxlina. Að austan eru merki hjá fjallið, en að vestan mitt Árfar og Axlarkvísl.“

Lýsing

Ekki þekkti heimildamaður til þess að vörður væru í Axlarlandi og engin varða fannst við skráningu sumarið 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar (1976). Viðbætur og athugasemdir. Halldór Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Öxl-29

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Gunnar Svavarsson bóndi Öxl 1

Staðhættir

Að sunnan úr syðsta heygarði á Slíubakka austan Árfars beina stefnu í Marksteins á Axlarbölum og Kerlingu á Axlarhjalla, og þá sömu línu til háfjallsins. Að norðan ræður Grásteinn niður undir Axlar- eða Brekkukvísl, og frá honum út og upp í vörðu vestan við svonefnt Tjarnstæði, fyrir sunnan Brekkukotsmel; frá þessari vörðu beint í stein upp á mýrunum, merktan S, og frá honum í vörðu á hjallabruninni, og þaðan upp á há öxlina. Að austan eru merki hjá fjallið, en að vestan mitt Árfar og Axlarkvísl.“

Lýsing

Heimildamaður kannaðist við steininn sem stendur við landamerkjagirðinguna en ekki sagðist hann hafa séð S á honum. Steininn var ekki skráður sumarið 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar (1976). Viðbætur og athugasemdir. Halldór Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Þjóðsagnastaðir

Öxl-30

Sérheiti: Kerling

Hlutverk: Þjóðsögustaður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Kerling, klettur í hjallabruninni sunnan við Þröskuld; landamerki. Kerlingarskriða, utan og neðan við Kerlingu“ (ÖS: bls. 2).

Aðrar upplýsingar

Í viðbótum og athugasemdum örnefnaskrár segir: „Kerlingu er sú þjóðsaga tengd, að tröllahjón hafi búið í Vatnsdalsfjalli. Þeim var lítið um Þingeyrakirkju, er hún kom til sögu. Lögðu þau af stað eina nótt; hún til að sækja vatn í bæinn, en dagaði uppi með vatnsfötur sínar. Sér þeirra merki enn. Karlinn labbaði út á Axlarhyrnu og skaut staf sínum að Þingeyrakirkju. Stafurinn brast í tvennt og geigaði á fluginu. Kom annar hlutinn niður sunnan túngarðs, var hirtur og notaður lengi sem hestasteinn. En karlinn varð einnig seint fyrir, dagaði uppi, valt niður hyrnuna og staðnæmdist á hólkoli, rétt norðan merkja milli Axlar og Brekkukots, og situr þar enn“ (ÖS VA: bls. 1).

Lýsing

Ekki skráð 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

ÖS: Örnefnaskrá Axlar. Viðbætur og athugasemdir. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Öxl-31

Sérheiti: Karl

Hlutverk: Þjóðsögustaður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í viðb. og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „En karlinn varð einnig seint fyrir, dagaði uppi, valt niður hyrnuna og staðnæmdist á hólkoli, rétt norðan merkja milli Axlar og Brekkukots, og situr þar enn“ (ÖS VA: bls. 1).

Aðrar upplýsingar

Í viðbótum og athugasemdum örnefnaskrár segir: „Karlinn labbaði út á Axlarhyrnu og skaut staf sínum að Þingeyrakirkju. Stafurinn brast í tvennt og geigaði á fluginu. Kom annar hlutinn niður sunnan túngarðs, var hirtur og notaður lengi sem hestasteinn“ (ÖS VA: bls. 1).

Lýsing

Ekki skráð 2008.

Heimildaskrá

ÖS: Örnefnaskrá Axlar (1976). Viðbætur og athugasemdir. Halldór Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Niðurstöður – samantekt

Minjar í Húnavatnshreppi

Heildar vettvangsskráning var gerð á fjórum jörðum í sameinuðum Húnavatnshreppi sumarið 2008. Um er að ræða jarðirnar Svínavatn í Svínavatnshreppi hinum forna og Uppsölum, Hólabaki og Öxl í Sveinsstaðahreppi.

Fjöldi minja á skráðum jörðum

Jörð	Fjöldi minja	Minjar skráðar á vettvangi	Horfið/ óskráð	Hlutfall %
Svínavatn	48	26	22	54
Hólabak	37	27	10	73
Uppsálir	22	17	5	77
Öxl	31	22	9	71
Samtals	137	92	46	67

Tafla 1. Í töflunni koma fram fjöldi minja sem skráðar voru upp úr heimildum og á vettvangi. Í síðasta dálknum er gefið upp hversu stórt hlutfall minja sem skráðar voru upp úr heimildum fundust við vettvangsvinnuna.

Alls voru skráðar eftir ritheimildum 137 minjar. Á vettvangi voru skráðar og hnitsettar 92 minjar, en 45 voru horfnar, um 33% af heildarfjöldanum. Minjarnar sem ekki voru skráðar á vettvangi eru annað hvort horfnar vegna jarðræktar, framkvæmda hverskyns eða náttúruaflanna en sumar minjar kunna einnig að fara fram skrásetjurum. Einstaka minjar hafa svo ekki fengið hnit þar sem þær eru langt utan alfaraleiðar og má þar helst nefna þjóðsögustaði, vörður og leiðir.

Minjar og notkunargildi þeirra

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan minjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig hlotið aukið vægi í ferðapjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna. Til að hægt sé að meta það er nauðsynlegt að minjarnar séu skráðar með skipulögðum hætti þannig að heildstætt yfirlit sé til yfir fjölda, ástand og gerð þeirra minja sem til staðar eru.

Minjar á Svínavatni

Nokkrar minjar er að finna í heimatúni á Svínavatni. Að vísu er búið að slétta úr gamla bæjarhólum [1] og engin merki eru lengur um hann á yfirborði. Hinsvegar eru enn leifar gamla kirkjugarðsins [3] sem lá norðvestan gamla bæjarins. Leifar hans eru illa farnar og eru áætlanir uppi um að lagfæra hann. Leifar gamla fjóssins [7] liggja rétt suður af núverandi fjósbyggingu en virðast að hluta vera horfnar. Syðst í túni eru svo leifar fjárhúsa og hlöðu [13]. Garðbrot [11] liggur svo nyrst í túni og þar er einnig að finna óljós merki byggingaleifa [9-10].

Ýmsar minjar er að finna utan túns. Rétt sunnan túns er að finna tóft lítillar byggingar [23] en hana má sjá á mynd sem Bruno Schweizer tók 1936. Hlutverk er óvíst en á myndinni má greinilega sjá hús með þaki og hugsanlega er um útihús að ræða. Um 2km suðaustur af bænum eru leifar samliggjandi tófta, etv. af stekk. Stekkjartóft er einnig að finna á svokölluðum Grænastekk [26] um 1,3km suðaustur af Svínavatni. Á sama svæði eru einnig leifar garðlags [27] og réttar [28]. Heilleg beitarhúsatóft [29] liggur suðaustan svokallaðrar Húsatjarnar á klapparási norður af Svínavatnsbæ. Auk þess voru skráðar nokkrar vörður, flestar heldur óvandaðar að gerð.

Hættumat

Almennt má segja að minjar á Svínavatni séu í lítilli hættu nema ef vera skyldi vegna beitar, jarðræktar og annarra framkvæmda tengdum búskap á jörðinni. Í túni er búið að slétta yfir minjar, þar á meðal gamla bæjarhólinn, en þrátt fyrir það kunna minjar að leynast óskertar neðanjarðar og því skyldi fara með varúð í allar jarðvegsframkvæmdir sérstaklega á og við gamla bæjarstæðið. Minjar utan túns eru ágætlega varðveittar og ekki hægt að sjá að þær séu í neinni sérstakri hættu.

Minjar á Hólabaki

Gamli bæjarhóll Hólabaks er nú kominn í sléttað tún og sést ekki lengur. Sama má segja um aðrar minjar innan túns nema að leifar af beðasléttum sjást í norðausturhluta túnsins. Enn má sjá leifar túngarðs [2] á þrjá vegu umhverfis heimatúnið. Heillegastur er garðurinn við norðvestur horn túnsins og í boga við suðvestur horn túnsins. Lítið garðbrot liggur svo austan túns. Þrátt fyrir að minjar séu horfnar af yfirborði geta enn verið óskemmdar minjar neðan jarðar, sérstaklega í og við gamla bæjarstæðið.

Aðrar minjar liggja utan túns. Er þar fyrst að nefna litla tvískipta tóft [13] rétt sunnan syðri hluta túngarðsins. Leifar tóftar [14] eða lítillar réttar liggja upp við klett við suðurenda Hópsins norðvestast í Hólabakslandi. Áveitugarðar [14] liggja í engjum norðvestast í landi Hólabaks, suður af Hópinu. Leifar smalakofa [19] liggja á svokölluðum Úlfshrygg um 2km suðvestur af bæjarhúsum á Hólabaki. Hrundar hleðslur annars smalakofa [20] liggja svo á litlum hól upp af þjóðveginum að sunnan. Leifar smákofa [22] eða skýlis er að finna upp við stóran stein, austan Leitisáss um 900m suðvestur af bænum. Þyrping fjögurra eða fimm [26-30] tófta liggja austan í svokölluðum Leitisás um 700m suðvestur af bænum. Tóftirnar liggja á og milli tveggja smáhóla og eru jarðsokknar og óljósar, tilgangur þeirra er óþekktur en vera kann að þetta séu heytóftir eða jafnvel leifar stekkjar og réttar. Mógrafir [31] liggja um 500m norðvestur af bænum og eru tóftir smákofa [32] þar sem mór hefur verið þurrkaður norðan þess.

Hættumat

Almennt má segja að minjar á Hólabaki séu í lítilli hættu nema ef vera skyldi vegna beitar, jarðræktar og annarra framkvæmda tengdum búskap. Í túni er búið að slétta yfir minjar, þar á

meðal gamla bæjarhólinn, en þrátt fyrir það kunna minjar að leynast óskertar neðanjarðar og því skyldi fara með varúð í allar framkvæmdir á í námunda gamla bæjarstæðisins. Minjar utan túns eru ágætlega varðveittar og ekki hægt að sjá að þær séu í neinni sérstakri hættu.

Minjar á Uppsölum

Á Uppsölum eru allar minjar á gamla bæjarstæðinu og innan túns horfnar. Gamla bæjarstæðið liggur á núverandi bæjarstæði og sjást engar menjar þess lengur.

Utan túns, um 300m norðvestur af bænum, má finna svokallaða Grænutóft [12], heillegar leifar beitarhúsa, fjárhúsa og hlöðu/heytóftar. Leifar matjurtagarðs [14] og stekkjartóftar [15] liggja í svokallaðri Garðlaut um 500m vestan bæjarins. Leifar smalakofa [17] er að finna sunnan undir svokölluðum Smalhól, syðst og vestast í Uppsálalandi.

Hættumat

Almennt má segja að minjar á Hólabaki séu í lítilli hættu nema ef vera skyldi vegna jarðræktar og annarra framkvæmda tengdum búskap. Í túni er búið að slétta yfir minjar, þar á meðal gamla bæjarhólinn en hann liggur á núverandi bæjarstæði. Þrátt fyrir það kunna minjar að leynast óskertar neðanjarðar og því skyldi fara með varúð í allar framkvæmdir á í námunda gamla bæjarstæðisins. Minjar utan túns eru ágætlega varðveittar og ekki hægt að sjá að þær séu í neinni sérstakri hættu.

Minjar á Öxl

Á Öxl er að finna nokkrar minjar innan túns. Bæjarhóllin sjálfur hefur þó verið sléttaður út en enn sést móta fyrir einhverjum ójöfnum þar sem að hann hefur staðið. Tóftir þriggja torf- og grjóthlaðinna útihúsa er enn að finna við túnjaðarinn. Enn mótast fyrir svokölluðu Lambhúsi [3], sem var með fjórum króm og áfastri hlöðu. Aðal fjárhús [4] bæjarins lágu beint austan bæjarins og eru tóftir þess enn stæðilegar. Fjárhústóft [5] liggur einnig austanvert í túni, fjórar krær og áföst hlaða. Leifar gamla túngarðsins [6] má svo finna á kafla austan túnsins, ágætlega varðveittar. Syðst í túni eru svo óljósar tóftaleifar sem kunna að vera leifar fornbylisins Gullberustaða eða Gullbergsskriðu [11].

Utan túns um 600m til suðausturs frá bænum liggja þrjár heillegar tóftir, stekkjartóft [12] og tvær smærri tóftir [14-15]. Leifar grjóthlaðinnar réttar [16] liggja um 700m suður af Öxl I. Fjórar síðastnefndu tóftirnar eru í landi Axlar 2. Vel varðveittar leifar stekkjara [18] og smátóftar [19] liggja í og við Fornustekkjarlaut um 700m suðvestur af bænum. Tvær heytóftir liggja á svokölluðum Slýjabakka um kílómetra suðvestur af Öxl I. Áveitugarða og heytóftir er að finna í Lágagarðsengi og Axlarparti.

Hættumat

Almennt má segja að minjar á Öxl séu í lítilli hættu nema ef vera skyldi vegna beitar, jarðræktar og annarra framkvæmda tengdum búskap. Hinsvegar er deiliskipulagsreitur í landi Axlar II sem ætlað er undir frístundabyggð og eru minjar þar metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Um er að ræða minjar 12, 14, 15, og 16. Einnig eru leifar áveitugarða við Axlarkvísl í hættu vegna nálægðar við vatnsfall.

Niðurlag

Hér er einungis um að ræða skráningu á fjórum af 14 jörðum sem settar voru í forgang fyrir lok aðalskipulagsgerðar. Tíu jarðir verða svo skráðar sumarið 2009.

Það sem helst kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru eru framkvæmdir eða jarðrækt tengd búskap á jörðunum. Einnig eru uppi áform um frístundabyggð í landi Axlar II og verður að taka sérstakt tillit til minja innan deiliskipulagssvæðisins.

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar í heimatúnum. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926). *Jarðabók VIII. Húnavatnssýslur*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn: Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn I 834-1264. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1857-76.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn II 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1893.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1896.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1909-1913.

Íslendinga sögur I. Landssaga og landnám. (1946). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík.

Íslendinga sögur VII. Vatnsdæla. (1947). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1833-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1 aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn, 1861.

Magnús Kristinsson (ritstj.). 2003. *Úr torfbæjum inn í tækniöld. Þriðja bindi. Bruno Schweizer*. Örn og Örlygur: Reykjavík.

P. V. G. Kolka. (1950). *Föðurtún*. P.V.G. Kolka: Reykjavík.

Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.) (1978). *Húnaþing II. Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.*: Akureyri.

Sturlunga saga II. (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlungaútgáfan: Reykjavík.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I. Húnavatnssýsla. Safn til landfræðisögu Íslands. Akureyri, 1950.

Unnar Ingvarsson ofl. (2006). Svínavatnaskirkja. *Kirkjur Íslands 8. Bind*. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.). Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn og Fornleifavernd: Reykjavík.

Óprentað

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 29. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 39. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 11. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 146. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavetninga.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884) . Uppsálir (1890), skjal nr. 176.

Landamerkjabók Húnavatnssýslu (1884). Landamerkjaskrá Svínavatns (1885) Skjal nr. 16.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Öxl, skjal nr. 97.

Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Þjóðskjalasafn Íslands.

Landamerkjabók Húnavatnssýslu (1884). Landamerkjaskrá Svínavatns (1885) Skjal nr. 16.

Túnakort Axlar. Hannes Jónsson. 1919.

Túnakort Hólabaks. Hannes Jónsson. 1919.

Túnakort Svínavatns. Guðmundur Jósafatsson. 1920.

Túnakort Umsvala. Hannes Jónsson. 1919.

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102. Óprentað handrið á Þjóðskjalasafni Íslands.

Örnefnaskrá Axlar. Björn Bergmann skráði. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hólabaks. Björn Bergmann. 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hólabaks. Baldur Magnússon. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Svínavatns. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Uppsala. Halldór Jónsson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

Heimasíður

Heimasíða Byggðasafns Húnavetninga- og Strandamanna. Skoðuð þann 14.11.08.
<http://www.simnet.is/reykirmuseum/samfelagid.htm>.

Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar - Textasafn Orðabókar Háskóla Íslands.
<http://www.snerpa.is/net/thjod/kolka.htm> og <http://www.snerpa.is/net/thjod/thordis.htm>

Fylgiskjöl

Hnitaskrár, yfirlitskort, túnakort og teikningar

Svínavatn

Minjar á Svínavatni - hnitatafla

Jörð	Fvrnr.	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat
Svínavatn-1	10071		Bústaður	Horfið	455512,68	558198,71	
Svínavatn-2	10096		Kirkja	Horfin	455576,76	558217,87	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-3	10072		Kirkjugarður	Slæmt	455514,88	558235,77	Viðgerðir fyrirhugaðar
Svínavatn-4		Bæjarhóll	Öskuhaugur	Horfinn			
Svínavatn-5			Áletrun	Fannst ekki			
Svínavatn-6			Matjurtagarður	Horfinn			
Svínavatn-7	10073		Fjós	Vel greinanlegar fornleifar	455563,10	558176,72	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-8	10074		Útihús	Horfið	455609,54	558191,10	
Svínavatn-9	10075		Fjárhús	Horfið	455412,45	558279,81	
Svínavatn-10	10076	Gerði?	Fjárhús	Horfið	455364,79	558320,41	
Svínavatn-11	10077		Varnargarður?	Vel greinanlegar fornleifar	455433,98	558302,53	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-12	10078		Útihús	Horfið	455455,69	558103,32	
Svínavatn-13	10079		Fjárhús	Heillegar fornleifar	455553,64	558019,49	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-14			Útihús	Horfið			
Svínavatn-15			Útihús	Horfið			
Svínavatn-16		Kvialækur	Kvía	Fundust ekki			
Svínavatn-17		Hringur	Óþekkt	Horfið			
Svínavatn-18			Tröð	Horfin			
Svínavatn-19		Miðtúnsvarða	Kennimark	Horfin			
Svínavatn-20		Litlakot	Býli	Horfið			
Svínavatn-21		Garðaríki	Býli	Horfið			
Svínavatn-22		Garðshólar	Kennimark, garður?	Horfið			
Svínavatn-23	10080		Óþekkt	Heillegar fornleifar	455620,30	557951,58	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-24	10081		Leið	Heillegar fornleifar	455904,71	557511,23	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-25	10082		Stekkur?	Vel greinanlegar fornleifar	456918,08	557031,86	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-26	10083	Grænistekkur	Stekkur	Heillegar fornleifar	456582,38	557459,09	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-27	10084		Túngarður, garður	Heillegar fornleifar	456594,28	557410,89	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-28	10085		Rétt, Sel, Býli?	Heillegar fornleifar	456548,69	557387,95	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-29	10086		Beitarhús	Heillegar fornleifar	455996,59	559414,60	Engin fyrirsjáanleg hætta
Svínavatn-30			Leið	Óskráð			
Svínavatn-31	10087		Varða	Heillegar fornleifar	455507,68	558860,10	Engin fyrirsjáanleg hætta


Minjar á Svínavatni - hnitatafla

Jörð	Fvnr.	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat
Svínavatn-32	10088		Varða	Heillegar fornleifar	455565,92	559104,69	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-33	10089		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	455303,71	559437,80	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-34	10090		Varða	Heillegar fornleifar	455713,64	560036,76	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-35	10091		Varða	Heillegar fornleifar	455893,36	559213,53	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-36	10092		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	456233,27	558967,76	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-37	10093		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	456060,17	558439,68	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-38	10094		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	456314,96	558213,20	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-39	10095		Varða	Greinanlegar fornleifar	456320,74	558207,08	Engin fyrirsjáanleg hættu
Svínavatn-40			Útihús	Horfið			
Svínavatn-41			Landamerki	Fannst ekki			
Svínavatn-42			Rétt	Horfin			
Svínavatn-43			Sel	Óskráð			
Svínavatn-44			Sel	Óskráð			
Svínavatn-45			Kennimark	Fannst ekki			
Svínavatn-46			Kennimark	Fannst ekki			
Svínavatn-47			Kennimark	Fannst ekki			
Svínavatn-48			Svínavatnaskot	Fannst ekki			

Svínavatn

Gert eftir túnakorti
Guðmundar Jósafatssonar
frá 1920.

Tún 8,2 hektarar
ca 1/3 þýft



Svínavatn-yfirlitsmynd



Svínavatn

Svínavatn

Húsatjörn

Grænistekkur

1km

Kort: Byggðasafn Skagfirðinga
Loftmynd: Landmælingar Íslands

25

27

28

26

24

23

13

12

10

7

8

1

2-3

11

9

10

37

38-9

36

35

29

33

31

33

34

Hólabak


Hólabak - listi yfir hnit

Jörð	Fvnr.	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat
Hólabak-1	10097		Bústaður	Horfinn	434935,96	555550,87	
Hólabak-2	10098		Túngarður	Vel greinanlegar fornleifar	434856,89	555714,15	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-3	10099		Brunnur	Horfinn	434921,32	555545,44	
Hólabak-4			Útihús	Horfið			
Hólabak-5			Útihús	Horfið			
Hólabak-6	10100		Heimreið	Horfin	434881,83	555549,94	
Hólabak-7			Útihús	Horfið			
Hólabak-8			Útihús	Horfið			
Hólabak-9	10101		Útihús	Horfið	434845,74	555632,03	
Hólabak-10			Útihús	Horfið			
Hólabak-11			Útihús	Horfið			
Hólabak-12			Útihús	Horfið			
Hólabak-13	10102		Óþekkt	Vel greinanlegar fornleifar	434875,38	555407,13	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-14	10103		Óþekkt	Heillegar fornleifar	432276,09	556497,96	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-15	10104		Áveitugarður	Heillegar fornleifar	432323,90	556373,78	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-16	10105		Áveitugarður	Heillegar fornleifar	432255,32	556329,42	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-17	10106		Áveitugarður	Heillegar fornleifar	432288,72	555909,37	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-18	10107		Náma	Heillegar fornleifar	432312,57	555897,24	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-19	10108		Smalabyrgi	Vel greinanlegar fornleifar	433188,14	554958,42	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-20	10109		Smalakofi?	Vel greinanlegar fornleifar	433484,40	554660,05	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-21	10110		Óþekkt	Vel greinanlegar fornleifar	433399,25	554439,11	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-22	10111		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	433912,40	554307,01	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-23	10112		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	433921,93	554287,35	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-24	10113		Varða	Vel greinanlegar fornleifar	433966,80	554266,73	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-25	10114		Kofi, skjól	Greinanlegar fornleifar	434491,48	554760,27	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-26	10115		Heytóft	Greinanlegar fornleifar	434341,18	555080,24	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-27	10116		Rétt?	Vel greinanlegar fornleifar	434343,29	555087,25	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-28	10117		Óþekkt	Vel greinanlegar fornleifar	434344,81	555091,65	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-29	10118		Óþekkt	Greinanlegar fornleifar	434346,21	555096,13	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-30	10119		Heystæði/stekkur?	Greinanlegar fornleifar	434344,81	555099,51	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-31	10120		Náma	Heillegar fornleifar	434369,60	555294,59	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-32	10121		Mópurrrkun/geymsla	Heillegar fornleifar	434382,08	555364,18	Engin fyrirsjáanleg hættu

Hólabak - listi yfir hnit

Jörð	Kennitala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat
Hólabak-33	10122		Leið	Heillegar fornleifar	434334,75	555344,55	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-34	10123	Bjarmavað	Vað	Ómetið	433023,76	554500,12	Engin fyrirsjáanleg hættu
Hólabak-35		Vörðuholt	Kennimark	Horfið			
Hólabak-36		Einarsvörðuholt	Kennimark	Horfið			
Hólabak-37			Kennimark	Fannst ekki			
Hólabak-38	10302		Beðasléttur	Illgreinanlegar fornleifar	435001,75	555611,33	Engin fyrirsjáanleg hættu

Hólabak



Gert eftir túnakorti
Hannesar Jónssonar
1919. Ræktað tún 4,1 hektarar
1/2 slétt

Hólabak-minjar í túni




Að Uppsölum →

100m

Kort: Byggðasafn Skagfirðinga
Loftmynd: Landmælingar Íslands

Hólabak-yfirlitsmynd



Uppsalir

Uppsafir - listi yfir hnit

Jörð	Fvnr.	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat
Uppsafir-1	10124	Uppsafir	Bústaður	Horfinn	434598,03	553450,09	
Uppsafir-2			Matjurtagarður	Horfinn			
Uppsafir-3	10125		Fjós	Horfið	434598,03	553450,09	
Uppsafir-4	10126		Heimreið	Horfin	434615,8	553474,65	
Uppsafir-5	10127		Fjárhús, rétt, hesthús	Horfið	434523,83	553371,05	
Uppsafir-6	10128		Hrútakofi	Horfinn	434514,96	553465,81	
Uppsafir-7			Útihús	Horfinn			
Uppsafir-8	10129		Húsmannsbýli	Horfið	434585,13	553383,15	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-9	10130	Brunnsléttur	Brunnur	Horfinn	434696,06	553407,27	
Uppsafir-10	10131		Mógrafir	Horfnar	434771,07	553285,94	
Uppsafir-11		Móholt	Móþurrkun	Horfið			
Uppsafir-12	10132	Grænatóft	Beitarhús	Heillegar fornleifa	434342,52	553599,37	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-13	10133	Hákon	Átrúnaður	Heillegar fornleifa	434794,10	553888,49	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-14	10134		Matjurtagarður	Heillegar fornleifa	433987,84	553332,86	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-15	10135		Stekkur	reinanlegar forn	433996,51	553323,44	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-16		Ullarhvammur	Þvottastaður	Engin ummerki			
Uppsafir-17	10136	Smalhóll	Kofi	Heillegar fornleifa	434455,73	551096,22	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-18	10137	Smalhóll	Varða	reinanlegar forn	434452,48	551113,65	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-19	10138	Vegás	Leið	reinanlegar forn	434706,07	551323,75	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-20	10139		Landamerkjasteinn/Áletrun	reinanlegar forn	435430,64	551385,41	Engin fyrirsjáanleg hætt
Uppsafir-21	10140	Einarsholt	Landamerkjavarða	Horfin	435124,16	554308,09	

Uppsálin

Gert eftir túnakorti


Hannesar Jónssonar frá 1919

Ræktað tún 2,3 hektarar

1/6 slétt



Samkvæmt heimildamanni er norðurör að líkindum röng á túnakorti og er hún merkt með rauðu en svarta örin er samkvæmt ábendingu heimildamanns.



Uppsafir-minjar í túni



300m

Kort: Byggðasafn Skagfirðinga
Loftmynd: Landmælingar Íslands

Uppsálir-yfirlitsmynd



Miðhús

Breiðabólsstaður

20

Hnjúkur

13

Uppsálir

19

Vegaás

17-18

Uppsala-
borgir

12

14-15

Garðlaut

Gljúfurá

Ullar-hvammur

Miðhóp

1km

Kort: Byggðasafn Skagfirðinga
Loftmynd: Landmælingar Íslands

Öxl

Öxl - listi yfir hnit

Jörð	Fvnr.	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat
Öxl-1	10141	Öxl	Bústaður	Horfinn	438361,91	559533,27	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-2			Brunnur	Nákvæm staðsetning óþekkt			
Öxl-3	10142		Lambhús	Heillegar fornleifar	438422,99	559487,31	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-4	10143		Fjárhús	Heillegar fornleifar	438511,70	559555,08	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-5	10144		Fjárhús	Heillegar fornleifar	438498,61	559480,04	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-6	10145		Túngarður	Vel greinanlegar fornleifar	438500,94	559426,82	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-7	10146		Náma	Vel greinanlegar fornleifar	438466,32	559415,76	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-8	10147		Beðasléttur	Horfið	438249,72	559597,18	
Öxl-9	10148		Skurður	Horfnir að hluta	438216,67	559628,99	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-10		Gullberustaðir	Býli	Horfið			
Öxl-11	10149	Gullberustaðir?	Útihús?	Greinanlegar fornleifar	438292,48	558888,08	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-12	10150		Rétt/Stekkur	Heillegar fornleifar	438481,76	558902,34	Hætta vegna bygginga
Öxl-13			Stekkur	Fannst ekki/horfinn			Hætta vegna bygginga
Öxl-14	10151		Óþekkt	Vel greinanlegar fornleifar	438487,15	558886,15	Hætta vegna bygginga
Öxl-15	10152		Óþekkt, byrgi	Vel greinanlegar fornleifar	438488,31	558878,44	Hætta vegna bygginga
Öxl-16	10153		Rétt	Vel greinanlegar fornleifar	438396,95	558789,78	Hætta vegna bygginga
Öxl-17			Leið	Horfinn			
Öxl-18	10154	Fornistekkur	Stekkur	Heillegar fornleifar	437988,10	558878,26	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-19	10155		Kofi	Heillegar fornleifar	437957,29	558910,61	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-20	10156		Óþekkt	Heillegar fornleifar	437964,75	558916,21	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-21	10157	Litli-Heygarður	Heygarður	Vel greinanlegar fornleifar	437772,66	558515,12	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-22	10158	Stóri-Heygarður	Heygarður	Vel greinanlegar fornleifar	437803,60	558441,40	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-23	10159	Langiskurður	Skurður	Vel greinanlegar fornleifar	437598,87	559900,66	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-24	10160	Lágagarðsengi	Áveitugarður?	Vel greinanlegar fornleifar	437562,00	559275,54	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-25	10161		Heytóft	Vel greinanlegar fornleifar	437663,97	559406,70	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-26	10162	Axlargarður	Ræsi	Í notkun	437791,47	559565,31	Engin fyrirsjáanleg hætt
Öxl-27			Kennimark	Horfið			
Öxl-28			Kennimark	Horfið			
Öxl-29			Kennimark	Óskráð			
Öxl-30		Kerling	Þjóðsagnastaður	Óskráð			
Öxl-31		Karl	Þjóðsagnastaður	Óskráð			

Öxl

Skurðir




Mýri

Mýri



Gert eftir túnakorti
Hannesar Jónssonar frá 1919
Ræktað tún 3,9 hektarar
2/3 slétt

Öxl 1 og 2 - yfirlitsmynd



Kort: Byggðasafn Skagfirðinga
Loftmynd: Landmælingar Íslands



Byggðasafn Skagfirðinga
2008